



event

Snoop Dogg

EUROPEAN TOUR 2005 EGILSHÖLL 17. JÚLÍ

500 kr. afsalúttur fyrir Námufélaga Landsbankans

Landsbankinn

SIRKUS

FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

20. júní 2005 - 165. tölublað - 5. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Fréttasími: 821 7556

MÁNUDAGUR

Auður Jónsdóttir

Bók Auðar Jónsdóttur, Fólkið í kjallaranum, sem höfundurinn hlaut Íslensku bókmenntaverðlaunin fyrir í janúar, mun koma út í Danmörku. Bókin hefur verið seld til danska forlagsins Tiderne skifter.



FÓLK 30

Dagur að kveldi kominn

Landsliðsfyrirliðinn í handbolta, Dagur Sigurðsson, er búinn að leggja landsliðsskóna á hilluna eftir farsælan landsliðsferil sem hófst árið 1992. Dagur lék sinn síðasta leik á laugardag gegn Hvít-Rússum í Minsk.


ÍPRÓTTIR 22

Markleysa Hafrannsóknarstofnunar

Guðjón Arnar Kristjánsson segir það vekja undrun sína hvernig Hafrannsóknarstofnunin setur fram fullyrðingar sínar um vöxt hrygningarstofnsins. Hann hafi þvert á móti minnkað mjög frá því sem spáð var.

UMRÆÐAN 18

VEÐRIÐ Í DAG



PURRT Í BORGinni og suðvestan og vestan til á landinu og rofar smátt saman til, annars verða víða skúrir. Hiti 7-15 stig, hlýjast til landsins suðvestan til.

VEÐUR 4

HÖFUDBORGARSVÆÐIÐ

Mánudagur: 25-49 ára*

73% Fréttablaðið

48% Mbl.

*Samkvæmt fjölmiðlakönnun Gallup í apríl 2005. Lestur á mánudögum.

Veiðum eins og við getum fyrir fánann og fósturjörðina

Skip sem flaka og frysta síld um borð geta komist upp í 70 milljóna króna aflaverðmæti á viku. Góð veiði innan landhelginnar bætir samningsstöðu Íslendinga gagnvart Norðmönnum um skiptingu síldarkvótans á næstu árum og því segir Magnús Þór Hafsteinnsson að við þurfum að veiða eins og við getum.

SÍLDIN Ágætis veiði hefur verið á síldarmiðunum austur af landinu undanfarna daga, en nær alveg hefur tekið fyrir hana síðasta sól-arhringinn. Bjarni Ólafsson frá Akranesi fékk til dæmis síld um 40 sjómílur beint austur af Norðfirði í vikunni, en skipin hafa verið mun utar. „Þetta er mikil veisla og rifandi síldarstemning hér eystra,“ segir Magnús Þór Hafsteinnsson þingmaður og fiskifræðingur, en hann er skipverji á Bjarna Ólafssyni frá Akranesi þessa dagana.

Birkir Hreinsson skipstjóri á fjölveiðiskipinu Vilhelm Þorsteinsyni segir að síldveiðiskipin séu nú að leit. „Flotinn hefur verið að lóða á síld víða um sjó en veiðin hefur einkum verið úti við Rauða torgið,

djúpt út af Austfjörðum. Sú norsk-íslenska er dyntótt. Við fengum afla aðfaranótt laugardags en skyndilega tók alveg fyrir veiðina og nú ætlum við að leita norður með Austurlandi,“ segir Birkir.

Vilhelm Þorsteinnsson var að landa síldarafskurði til bræðslu í Neskaupstað þegar Fréttablaðið hafði samband við Birki í gær. Líkt og á öðrum nútímalegum fjölveiðiskipum er síldin flökuð og fryst um borð, en ágætt verð fæst fyrir hana á erlendum mörkuðum um þessar mundir. „Við reynum að taka ekki meira en 200 tonn í flotvörpuna þegar vel gefur, þannig að við höfum undan við frystinguna. Við getum fryst allt að 150 tonnum á sólarhring og þegar best lætur

fullum við skipið á fjórum sólarhringum,“ segir Birkir.

Um niútíu krónur fást fyrir kílóíð af frystum síldarflökum um þessar mundir en afurðirnar eru einkum fluttar til Póllands og þaðan til annarra Evrópulanda. Aflaverðmæti Vilhelms Þorsteinssonar er vart undir 50 til 60 milljónum króna á viku um þessar mundir og ætla má að það eigi við um fleiri skip sem frysta flök um borð.

„Nú er bara að veiða síld eins og við getum fyrir fánann og fósturjörðina. Því meira sem við veidum nú, þeim mun betri verður samningsstaða okkar gagnvart Norðmönnum um veiðar á þeirri norsk-íslensku á næstu misserum,“ segir Magnús Þór Hafsteinnsson.

- jh



MAGNÚS ÞÓR HAFSTEINSSON



VALKYRJUR OG ÁLFAMEYJAR Danshópur undir stjórn Auðar Bjarnadóttur sýndi listir sínar fyrir gesti Þingvallafundarins. Þær létu ekki nokkra dropa á sig fá frekar en aðrir gestir fundarins.

Þrír létust í umferðinni um helgina og nú hafa þrettán látist á þessu ári:

Ók á steinstólpa og lést

UMFERDARSLYS Banaslys varð þegar reykvískur karlmaður á fimmtugsaldri keyrði á steinstólpa brúar þar sem Reykjanesbraut liggur undir Miklubraut í gærmorgun. Var hann að keyra suður eftir Reykjanesbrautinni. Maðurinn var með meðvitund þegar lögreglan kom á vettvang en var úrskurðaður látinn skömmu eftir að hann hafði verið fluttur á Land-

spítala-háskólasjúkrahús í Fossvogi. Ekki er unnt að greina frá nafni hins látna að svo stöddu en lögregla rannsakar tildrög slyssins.

Þetta er þrettánda banaslysið í umferðinni í ár og það þriðja nú um helgina. Ungu manningu, sem slasaðist alvarlega í bílslysi í Öxnadal þar sem tveir létust, er enn haldið sofandi í öndunarvél

og er líðan hans óbreytt að sögn vakthafandi lækni á gjörgæsludeild Landspítalans. Enn liggur ekkert fyrir um tildrög slyssins en lögreglan á Akureyri rannsakar málið. Maðurinn sem slasaðist alvarlega í bílveltu við bæinn Varmalæk í Borgarfirði er kominn af gjörgæsludeild og liggur nú á almennri deild.

- fgg

Þingvallafundur:

Tvö þúsund á Þingvöllum

HÁTIÐ Það ríkti hátíðarstemning á Þingvöllum í gær þegar fagnað var 90 ára afmæli kosningaréttar og kjörgengis kvenna til Alþingis. Það rigndi á gesti sem létu það ekki á sig fá. Talið er að um 2000 hafi fylgst með dagskránni sem hófst klukkan eitt.

Meðal ræðukvenna var frú Vigdís Finnbogadóttir. Árna Magnússyni, félagsmálaráðherra var afhent gerð Þingvallafundar. Hann hvatti fyrirtæki til að útrýma kynbundnu launamisrétti. Að sögn Katrínar Önnu Guðmundsdóttur, kynningarstjóra fundarins, voru skipuleggjendur ánægðir með þátttökuna sem þeir sögðu vera gott dæmi um hversu virkir Íslendingar eru í jafnréttismálum.

Sjá síðu 12/ - fgg

VIKULEGAR SIGLINGAR

ATLANTSSKIP

FLYTJA VÖRUR

FRÁ EVRÓPU

Priðjudagar

Immingham / England

591 3000



SPURNING DAGSINS

Auður, eru veðurguðirnir karllægir?

Peir voru það að minnsta kosti í gær.

Auður Styrkarsdóttir kom að skipulagningu hátíðarhaldanna á Þingvöllum í gær í tilefni þess að 90 ár eru liðin frá því að konur fengu kosningarétt. Rigning var víðast hvar um land.

Gjaldkeri Samfylkingarinnar um R-listasamstarf:

Vill framboð Samfylkingar

SVEITASTJÓRNARMÁL Ari Skúlason, nýkjörinn gjaldkeri Samfylkingarinnar, hefur undanfarið talað fyrir því innan flokksins að hann bjóði sem víðast fram undir eigin merkjum. Hann lýsti þessari skoðun sinni á síðasta fundi fulltrúaráðs flokksfélaganna í Reykjavík.

„Við erum búin að vera að búa til flokk síðustu ár og nú er því lokið,“ segir Ari. „R-listinn var hins vegar búinn til á undan Samfylkingunni.“

„Það eru tvennar kosningar framundan,“ segir Ari. „Sveitarstjórnarkosningarnar eru mikilvægur undanfari alþingiskosn-

inga.“ Bæði bendir Ari á að Reykjavík njóti mestrar athygli í fjölmiðlum en hann segir jafnframt framboð ári fyrir alþingiskosningarnar mikilvægan undirbúningur fyrir flokksvélina. „R-listinn er ekki það sama og Samfylkingin.“

Ari segir marga fleiri en unga jafnarmenn taka undir þessar skoðanir, sem hann tekur fram að séu sínar eigin en ekki flokksforystunnar.

- grs

ARI SKÚLASON Gjaldkeri Samfylkingarinnar vill að hún bjóði sem víðast fram undir eigin merkjum



Banavopn Trotskís:

Finnst í Mexíkó

MORÐ Ísöxin sem flugumaður Stalíns notaði til að myrða Leon Trotskí í Mexíkó árið 1940 er hugsanlega komin í leitirnar, að því er segir á fréttavef BBC.

Kona að nafni Ana Alicia Salas, barnabarn lögreglumanns sem rannsakaði morðið á sínum tíma, segist hafa öxina undir höndum. Hún segir hana enn ataða blóði.

Barnabarn Trotskís kveðst ekkert vilja ræða við Salas sé hún að sækjast eftir skyndigróða. Hann muni hins vegar gefa blóðsýni til samanburðar ef hún gefi öxina safni sem var sett á laggirnar í húsinu þar sem Trotskí var myrtur. ■



ELDUR Í BÁTASKÝLI Grunur leikur á að kveikt hafi verið í bátaskýli í Hafnarfirði

Eldur í Hafnarfirði:

Grunur um íkveikju

SLÖKKVILIÐ Eldur kviknaði í bátaskýli við Ásbraut í Hafnarfirði laust fyrir klukkan hálf átta í gærkvöldi. Enginn bátur var inni í skýlinu en töluverður eldsmatar þar inni. Nærleggjandi skýli voru í hættu en slökkviliðinu gekk greiðlega að ráða niðurlögum eldsins. Ekki fékkst staðfest hvernig eldur kviknaði en grunur leikur á íkveikju. Lögreglan rannsakar málið.

- fgg

LÖGREGLUFRÉTTIR

SLASADIST Í BÍLVELTU Bílvelta varð á Suðurlandsvegi skömmu fyrir átta í gærkvöldi. Tvennt var í bílnum og slasadist farþeginn lítillga. Hann ætlaði sjálfur að leita sér læknaaðstoðar ef eymslin væru mikil. Bíllinn er mikið skemmdur.

KVIKNAÐI Í ELDHÚSI Eldur kom upp í eldhúsi á Laufásvegi í gær. Húsráðandi hafði náð tókum á eldinum þegar slökkviliðið bar að garði. Ekki urðu nein slys á fólki.

ÍRAK

HRÝÐJUVERKAMAÐUR TEKINN Írösk stjórnvöld tilkynntu í gær að þeir hefðu undir höndum grunaðan meðlim al-Kaída sellu al-Zarqawis í Írak. Talið er að Hassan sé ábyrgur fyrir um 60 bílasprengingum í Bagdad.



HVALVEIÐAR Hvalveiðar hafa verið bannaðar í atvinnuskyni síðan árið 1986 en hvalveiðisinnar þykjast eygja von um að fá banninu hnekk í ár.

Höfum hóflegar væntingar

Ársfundur Alþjóðahvalveiðiráðsins hefst í Ulsan í Suður-Kóreu í dag. Hvalveiðisinnar segja meiri líkur en oft áður á að fá hvalveiðibanninu aflétt. Árni Mathiesen sjávarútvegsráðherra segist hafa hóflegar væntingar.

HVALVEIÐAR Talsmenn þeirra sem styðja hvalveiðar í atvinnuskyni segjast hafa nærri því nógu mörg atkvæði til að fá hvalveiðibanninu hnekk. Það hefur verið í gildi síðan árið 1986. Til að fá banninu hnekk þurfa að minnsta kosti tveir þriðju af 66 aðildarríkjum hvalveiðiráðsins að kjósa svo. „Við höfum hóflegar væntingar. Afnam hvalveiðibansins verður stærsta málið á dagskrá, en ég á ekki von á því að því verði aflétt á þessum fundi,“ segir Árni M. Mathiesen sjávarútvegsráðherra. „Síðasti fundur var nokkuð já-

kvæður en það hefur lítið gerst síðan og ég á því ekki von á mjög róttækum breytingum í ár.“ Árni segir að undanfarin hafi staðan verið að breytast smám saman



ÁRNI MATHIESEN Segir of lítið hafa gerst frá síðasta fundi til að mikilla tíðinda sé að vænta.

hvalveiðisinnum í vil. „Ég vonast því til að það verði að minnsta kosti tekin ákveðin skref í átt að því að aflétta banninu,“ segir Árni.

Hvalveiðisinnar benda á að þó þeir nái ekki því lágmarki sem þarf til að hnekkja banninu geti þeir komið ýmsum minniháttar breytingum í gegn, til dæmis leynilegum atkvæðagreiðslum. „Það er of snemma að spá um hvort það verði gert, en persónulega finnst mér að ef einhverjir vilja leynilegar atkvæðagreiðslur sé sjálfsgagt að þær fari fram.“

Önnur mál sem búið er við að fá mikla athygli á fundinum eru hvalveiðar Japana í vísindaskyni, en rétt eins og Íslendingar selja þeir hvalkjöt í verslunum. Japánir veida að jafnaði um 600 hrefnur að ári og munu hugsanlega tilkynna að þeir ætli að hækka kvótann. Noregur er hins vegar eina ríkið í Alþjóðahvalveiðiráðinu sem veiðir hvali í atvinnuskyni í trássi við bannnið. Árni segir að hrefna verði örugglega veidd í vísindaskyni við Ísland í sumar.

bergsteinn@frettabladid.is

Verslaðu við traustan aðila!

LEIGJUM TJÖLD

sem henta við öll tækifæri!



Fyrir brúðkaup, ættarmót, afmæli, party og alls konar samkomur. Hafðu samband og við gerum þér tilboð!

OPIÐ:
virka daga kl. 9-18
laugardaga kl. 12-16



EYJARSLÓÐ7 • SIMI 511 2200 • www.seglagerdin.is

Eignarhald í Europris:

Breytinga að vænta á næstu dögum

VIÐSKIPTI „Þessi mál eru enn á huldu en eiga eftir að skýrast á næstu dögum,“ segir Lárus Guðmundsson, einn eigenda í verslunum Europris, um hvort breytinga sé að vænta á eignarhaldi fyrirtækisins.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins ætla Matthías Sigurðsson, sem á ráðandi hlut í fyrirtækinu, að selja hlut sinn. Lárus er minnihlutaeigandi í fyrirtækinu ásamt bróður sínum Ottó. Bræðurnir verjast fréttu af málinu en viðurkenna að tíðinda sé að vænta innan skamms. „Þetta er allt í vinnslu og ég vil ekki tjá mig meira um þetta mál að svo stöðu,“ sagði Ottó spurður hvort nýrra eigenda að fyrirtækinu væri að vænta. Hvorugur bræðrunna vildi gefa nokkuð upp hver hugsanlegur kaupandi væri. Fyrsta verslun Europris opnaði



VERSLUN EUROPRIS Talið er að Matthías Sigurðsson ætli að selja ráðandi hlut sinn. Myndin var ekki tekin í beinum tengslum við fréttina.

á Lynghálslu fyrir þremur árum. Í dag rekur Europris fjórar verslanir; þrjár í Reykjavík og eina á

Selfossi. Ekki náðist í Matthías Sigurðsson vegna málsins.

-bs

ÞJÓÐHÁTÍÐ 05

ÞJÓÐHÁTÍÐ Í EYJUM ALVÖRUÚTIHÁTÍÐ

SPARAÐU 1.400 kr.!
Tryggðu þér miða í forsölu hjá ESSO

**TRABANT SKÍTAMÓRALL
DANS Á RÓSUM HÁLFT Í HVORU**

**GRAFÍK Í SVÖRTUM FÖTUM
BREKKUSÖNGUR BRENNNA FLUGELDASTÝNING**



Forsala miða hefst 20. júní á völdum
ESSO stöðvum. Sjá nánar www.esso.is.

Miðaverð í forsölu er 8.500 kr.
Almennt miðaverð 9.900 kr.



SKJÁREINN

GENGIÐ

GENGI GJALDMIÐLA 16.06.2005

	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur USD	64,95	65,27
Sterlingspund GBP	118,39	118,97
Evra EUR	78,73	79,17
Dönsk króna DKK	10,58	10,64
Norsk króna NOK	10,01	10,06
Sænsk króna SEK	8,50	8,55
Japanskt jen JPY	0,60	0,60
SDR	XDR	95,13
		95,69

Gengisvísitala krónunnar
110,95 -1,23%

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Þorgerður Katrín um framúrkeysluna:

Vill meira fjármagn í menntamál

EFNAHAGSMÁL „Það gengur auðvit- að ekki að stofnanir fari fram úr fjárlögum,“ segir Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra um framúrkeysluna hjá stofnunum menntamálaráðuneytisins. „Við fórum fram úr og það er ekki til fyrirmyndar. En við erum að taka á þessum stofnunum og hjálpa þeim að leysa úr sínum vandamálum.“

Þorgerður skýrir framúrkeysluna þó fyrst og fremst með hliðsjón af stóraukinni eftirspurn eftir menntun.

„Þetta kemur í sjálfu sér ekki á óvart miðað við þensluna í menntakerfinu. Alþingi verður

að gera sér grein fyrir því að við erum í stórsókn í menntun og að við viljum fjárfesta í menntun,“ segir Þorgerður. „Og það kostar fjármagn.“

Þorgerður vildi ekki útiloka að farið yrði fram úr fjárlögum á þessu fjárlagaári.

„Við sjáum fram á aukinn nemendafjölda á framhaldsskólástiginu og líklega einnig á Háskólástiginu. Því er ekki ólíklegt að það kalli á meira fjármagn.“

Verið er að fara yfir stöðuna á fjárlögum þessa árs innan menntamálaráðuneytisins.

- grs



ÞORGERÐUR KATRÍN GUNNARSDÓTTIR
Segir það ekki koma á óvart að ráðuneytið hafi farið fram úr vegna stórsóknar í menntamálum.

Formennska í SUS:

Borgar gefur kost á sér

STJÓRNMÁL Borgar Þór Einarsson lögfræðingur hefur ákveðið að gefa kost á sér til formennsku Sambands ungra sjálfstæðismanna.

Borgar Þór er þrítugur og hefur sinnt margvíslegum félags- og trúnaðarstörfum. Hann var kosningastjóri Sjálfstæðisflokksins á Norðvesturlandi í síðustu Alþingiskosningum og aðstoðarmaður menntamálaráðherra 2003 til 2004.

Núverandi formaður SUS er Hafsteinn Þór Hauksson. Þing Sambands ungra sjálfstæðismanna verður líklega í september, en staðsetning liggur ekki fyrir. ■

Rúmensk nunna:

Lést á krossinum

BBC Rúmensk nunna lést eftir að hafa verið bundin við kross og skilin ein eftir í þrjá daga í köldu herbergi í nunnuklaustri. Þetta kemur fram á fréttasíðu breska ríkisútvarpsins. Prestur og fjórar nunnur hafa verið handtekin í tengslum við málið.

Aðrir íbúar klaustursins halda því fram að nunnan hafi verið haldin illum anda og að krossfestingin hafi verið hluti af því að reka hann út. Samkvæmt lögreglunni hafði nunnan ekki fengið mat né drykk í þessa þrjá daga.

Hún hafði verið bundin við krossinn og handklæði troðið í munn hennar til að ekkert heyrðist í henni. Samkvæmt einni fréttastofunni þjáðist konan af geðklofa, sem var ástæða þess að presturinn og nunnan héldu að hún væri haldin illum anda. ■

Svæði í kring um Hlemm:

Deiliskipulag kynnt

FUNDUR Deiliskipulag og framkvæmdir í nágrenni Hlemms verður kynnt í dag í strætóskýlinu á Hlemmi klukkan 17.30. Dagur B. Eggertsson, formaður Skipulagsráðs Reykjavíkur mun kynna helstu áherslur deiliskipulagsins og fyrirhugaðra framkvæmda, meðal annars það hvernig skiptistöðin á Hlemmi mun líta út.

Auk þess sem rætt verður um deiliskipulag í kring um Hlemm, mun Ásgeir Eiríksson, forstjóri Strætó bs. kynna nýtt leiðarkerfi strætisvagna. Fundurinn er öllum opin og eru íbúar á svæðinu, sem og aðrir hvattir til að mæta. ■



BÆR SEM HVERFUR Neve Dekalim á suðurhluta Gaza-svæðisins er meðal þeirra landtökubýggða sem verða rifnar, samkvæmt samkomulagi stjórnvalda Ísraels og heimastjórnar Palestínu.

Hús gyðinga verða rifin

Ísraelar og Palestínnumenn hafa samið um að landtökubýggðir gyðinga á Gaza-svæðinu verði fjarlægðar. Óvissa hefur ríkt um hvað verður um húsnæði um 8.000 gyðinga eftir að þeir verða fluttir frá Gaza í ágúst.

GAZA Ísraelar og Palestínnumenn hafa samið um að landtökubýggðir gyðinga á Gaza-svæðinu verði fjarlægðar þegar Ísraelar draga herlið sitt til baka nú í sumar. Um 1.200 heimili gyðinga verða rifin og í stað þeirra á að rísa heimili fyrir eitthvað af þeim 1.3 milljónum Palestínnumanna sem búa á Gaza-svæðinu. Þetta kom fram á blaðamannafundi Condoleeuz Rice, utanríkisráðherra Bandaríkjanna, í Jerúsalem í gær eftir tveggja daga fund hennar með leiðtogum Ísraels og Palestínnumanna, en þar til nú hefur verið óljóst hvað verður um heimili gyðinga á svæðinu eftir að þeir verða fluttir á brott.

Í síðustu viku sagði Shaúl Mofaz, varnarmálaráðherra Ísraels, að það væri ónaúðsynlegt að eyðileggja heimili landtökumanna og að það myndi hætta lífi hermanna.

FLUTNINGURINN FRÁ GAZA OG VESTURBAKKANUM

- > 8.000 landtökumenn verða fluttir frá Gaza
- > Fjórar litlar landtökubýggðir gyðinga falla í hendur Palestínnumönnum
- > Flutningurinn hefst um miðjan ágúst og á að taka um átta vikur
- > Landtökumenn sem fluttir verða brott frá bætur

Rice sagði leiðtoga beggja aðila sannfærða um nauðsyn þess að hvarf ísraelska hersins, frá Gaza og fjórum landtökubýggðum á Vesturbakkanum, færi fram með friðsælum hætti. Yfirvöld í Ísrael og heimastjórn Palestínu þyrftu því að vinna saman til að komast að niðurstöðu um með hvaða hætti það gæti orðið.

Einnig munu Ísraelar og Palestínnumenn vinna að samningi

um hvernig hægt sé að tryggja frjálst flæði fólks og viðskipta um svæðið eftir að herinn dregur sig til baka. Rice sagði þetta nauðsynlegt til að byggja upp efnahag á svæðinu.

Steingrímur J. Sigfússon, þingmaður Vinstri-grænna, sem á sæti í utanríkismálanefnd Alþingis, segir þessa ákvörðun jákvæða fyrir friðarferlið. „Mér hefði ekki fundist neitt að því að Palestínnumenn hefðu fengið þetta húsnæði, ekki veitir af. En það er meira atriði hvernig þetta leggst pólitískt, en verðmætin sem fara. Þetta skref er í áttina að því að menn hafi trú á því að það sé alvara á bak við friðarferlið hjá Ísraelum, en það er langur vegur framundan áður en ég þori að trúa því að þarna komist á varanlegur friður og eðlileg samskipti á milli aðila.“ ■

Kasparov gagnrýnir lögreglu:

Börðu mót-mælendur

MOSKVA, AP Garrí Kasparov, fyrrverandi heimsmeistari í skák, hefur gagnrýnt rússnesku lögregluna harðlega fyrir að hafa ráðið að mót-mælendum með ofbeldi við réttarhöldin yfir Mikhaíl Khodorovskiy.

Kasparov er hættur sem atvinnumaður í skák og einbeittir sér nú að stjórnmálum en hann er eindreginn andstæðingur Vladímírs Pútín og ríkisstjórnar hans. Hann hefur krafist þess að þeir lögreglumenn sem þarna voru að verkum verði sóttir til saka. Khodorovskiy-réttarhöldin eru af mörgum Rússum talin vera fyrst og fremst pólitískar ofsóknir. ■



GARRÍ KASPAROV

LÖGREGLUMÁL

HVÍTT EN LÍTIÐ Lögreglan á Blönduósi stöðvaði öllumann á leiðinni norður og reyndist hann hafa fíkniefni í fórum sínum. Var magnið ekki mikið og var manninn sleppt að lokinni skýrslutöku. Ekki er vitað hvaða tegund efnis maðurinn var með en það var lítið og hvítt að sögn lögreglunnar. Málið telst upplýst.

BIFHJÓLAMENN TIL SÓMA Flestir bifhjólamenn landsins komu til Sauðárkróks á fimmtudagskvöld til að fagna hundrað ára afmæli hjólsins. Að sögn lögreglunnar á Sauðárkróki voru þeir sér og sínum til mikils sóma. Dansleikir voru haldnir öll kvöldin og fóru þeir allir vel fram sem og umgengni á tjaldsvæðinu. Mikil og þung umferð var í gegnum umdæmið en hún gekk að mestu leyti vel.

VEÐRIÐ Í DAG


LÉTTIR SMÁ SAMAN TIL Á NÝ Í HÖFUÐBORGinni
Eftir rigninguna í gær þornar á ný upp í borginni og smám saman ætti að sjást í þá gulu. Að öðru leyti er nett skúraloft yfir landinu. Það er heldur kólnandi.

SÓLARSAMBA
Á miðvikudaginn er sjá að víða geti rofað til og orðið hlýtt bæði sunnan og norðan heiða. Það er því ekki ólíklegt að um eða eftir miðja vikuna, þegar hlýna tekur víðast hvar á landinu, geti menn stigið sólarömbu með þeirri gulu! ■



Kveðja, Sigurður Ragnarsson, veðurfræðingur

Um hádegi



Veðurhorfur í borgum í dag

Kaupmannahöfn	21°C heiðskirt	Paris	31°C heiðskirt	Alicante	31°C heiðskirt
Osló	22°C léttskýjað	Berlín	26°C heiðskirt	Milano	31°C hálfskýjað
Stokkhólmur	25°C hálfskýjað	Frankfurt	31°C léttskýjað	New York	23°C hálfskýjað
Helsinki	20°C heiðskirt	Madrid	33°C heiðskirt	San Francisco	19°C léttskýjað
London	26°C heiðskirt	Barcelona	28°C heiðskirt	Orlando/Florida	32°C hálfskýjað

Svæði þar sem búast má við talsverðri vætu eru skýggð á kortinu. Minniháttar úrkoma er táknúð með dropum. Hitatölur sýna hæstu hitagildi.

Pizza Hut

Frábær fjölskyldustaður
- frí áfylling á barnaísinn -

Láttu sjá þig :)

Nordica • Sprengisandí • Smáralind

www.pizzahut.is • 533 2000

1-9

Ég var látin laus 3. mars.

„Ég veit ekki hvort þetta er tilviljun eða ekki en 3. mars, á afmælisdegi Alexanders Graham Bell, mannsins sem fann upp símann, losnaði ég loksins undan símafyrirtækinu sem er búð að rukka mig um fáránlegar upphæðir fyrir takmarkað niðurhal og allt of lítinn hraða undanfarna 12 mánuði.

Hive tók á móti mér með Hive Lite og héldum við upp á 158 ára afmæli Grahams Bell.“

Áslaug Þórsdóttir
Kögurseli 4, 109 Reykjavík

3.990*

HiveLite

Práðlaust internet
4GB niðurhal
8Mb tenging

*Hive Lite er hagkvæm áskriftarleið sem færir þér fráðlaust internet, 4GB niðurhal, 8Mb tengingu og fullkominn tækjabúnað á aðeins 3.990 kr. á mánuði.

Hive.is Grensásvegur 16, 105 Reykjavík. Þjónustusími 414 1616 hive@hive.is

Hive



KJÖRKASSINN

Er kominn tími á endurskoðun stjórnáskrárinnar?

Niðurstöður gærdagsins á visir.is

Já	90,22%
Nei	9,78%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Geta Íslendingar gert betur í jafnréttismálum?

Farðu inn á fréttahluta visir.is og segðu þína skoðun



Kristinn H. Gunnarsson þingmaður Framsóknarflokksins

Strákaklúbburinn ofan á

JAFNRÉTTISMÁL „Á síðasta ári þegar valdir voru ráðherrar fyrir flokkinn varð strákaklúbburinn ofan á.“ Þannig kemst Kristinn H. Gunnarsson, þingmaður Framsóknarflokksins, að orði í pistli á heimasíðu sinni á netinu í gær 19. júní, en þá voru 90 ár frá því að konur fengu kosningarétt á Íslandi.

Kristinn segir að þar hafi stefna Framsóknarflokksins vikið fyrir eiginhagsmunum strákanna. Gripið hafi verið í það hálmstrá að konur væru aðeins um 30 prósent af félagsmönnum og því væri óeðlilegt að þær skipuðu herra hlutfall af ráðherrastöðunum. Ekki hafi þó verið útskýrt af hverju hlutfallið



ætti að vera aðeins 20 prósent af ráðherrum flokksins en ekki 40 prósent.

Kristinn spyr einnig hversu margar konur hafi verið skipaðar í sendiherra- eða forstjórastöður hjá ríkinu. „Hvaða stöður hafa þær fengið, Ingibjörg Pálmadóttir eða Lára Margrét Ragnarsdóttir,“ spyr Kristinn og segir ennþá mikinn strákaklúbb hjá hinu opinbera, ekki síst í stjórnmalunum. - jh

KRISTINN H. GUNNARSSON ÞINGMAÐUR FRAMSÓKNARFLOKKSINS „Jú, það er nefnilega ennþá mikill strákaklúbbur hjá hinu opinbera, ekki hvað síst í stjórnmalunum.“

Afganistan:

Tuttugu létust í átökum

KABÚL, AP Allt að 20 uppreisnarmenn létu lífið í suðurhluta Afganistan í gær, þegar herþotur og þyrflur Bandaríkjamanna hófu skothríf á hóp af mönnum sem grunur lék á að væru uppreisnarmenn. Í tilkynningu frá bandaríska hernum kemur fram að átökin hafi átt sér stað eftir að uppreisnarmönnum tókst að króa hermenn af. Þrjár aðrir létu lífið í átökum í Afganistan í gær.

Síðan í mars hafa um 260 uppreisnarmenn farist, 29 bandarískir hermenn, tæplega 40 afganskir lögreglu- og hermenn og rúmlega hundrað borgarar. ■

Forsætisráðherra Tyrklands: Gramur kanslaranum

ANKARA, AP Recep Tayyip Erdogan, forsætisráðherra Tyrklands, gagnrýnir Gerhard Schröder Þýskalandskanslara fyrir að hafa ekki afstýrt því að þýska þingið samþykkti ályktun þar sem Tyrkir eru hvattir til að rannsaka upp á nýtt ábyrgð sína á dauða rúmlega milljón Armena á árunum 1915 til 1923. Hann sagði að ályktun þýska þingsins væri bæði „röng og ljót“ og þinginu til langvarandi skammar.

Armenar hafa lengi sakað Tyrki um þjóðarmorð en hinir síðarnefndu jafnan neitað sök. Erdogan sagði að mönnum væri frjálst að skoða skjalasöfn Ottómana, en grunur leikur á að búið sé að grisja rækilega í þeim. ■

SLÖKKVILIÐ

FÖTIN ÖNÝT Eldur kviknaði í íbúð á Ásvallargötunni í vesturbæ Reykjavíkur í gær. En þegar slökkviliðið mætti á svæðið hafði eldurinn verið slökkur. Maður, sem var inni í íbúðinni, reyndist hafa sofnað út frá sigarettu og hafði eldurinn kviknað út frá henni. Slökkviliðið reykræsti íbúðina og segir að maðurinn hafi sloppið með skert stolt og ónýtt fót.

Merki lýðræðis og frelsis

Það var víða um heim sem stuðningsmenn Aung San Suu Kyi, friðarverðlaunahafa Nóbels, notuðu tækifærið í gær á sextugsafmæli hennar og hvöttu til þess að stjórnvöld í Myanmar leystu hana úr stofufangelsi. Danski utanríkisráðherrann kallaði hana merki lýðræðis og frelsis í öllum heiminum.

YANGON, AP Stuðningsmenn lýðræðisshetju Myanmar, Aung San Suu Kyi, söfnuðust saman um allan heim í gær á sextugs afmælisdegi hennar, og kröfðust þess að herstjórnin í Myanmar leysti hana úr stofufangelsi. Suu Kyi hefur setið í stofufangelsi á heimili sínu í 10 af síðustu 16 árum og var afmælisdagur hennar engin undantekning.

Hátíðarhöldin í tilefni afmæli hennar hófust í gærmorgun með trúarathöfn í höfuðstöðvum stjórnmalaflokks hennar í Yangon, Þjóðarbandalags fyrir lýðræði. Þar söfnuðust flokkssystkini hennar saman og færðu búddamunkum mat. Síðar um dagin komu nokkur hundruð manns saman, auk nokkurra erlendra diplómata, til að vera viðstödd þegar tíu dúfum og 61 blöðru var sleppt. Blöðurnar 61 tákna upphaf 61. árs Suu Kyis. Óeinkennisklæddir lögreglumenn stóðu hjá við athöfnina og tóku hana upp á myndbandsvél.

Herinn hefur stjórnað Myanmar frá 1962, en núverandi herstjórn komst til valda árið 1988 eftir að hafa brotið á bak aftur uppreisn lýðræðissinna. Kosningar voru haldnar 1990, en herinn neitaði að gefa eftir völdin þegar flokkur Suu Kyi vann með yfirgnæfandi



AFMÆLISGANGA Í BANGLADESS Flóttamenn frá Myanmar kröfðust þess að Aung San Suu Kyi yrði frelsuð á afmælisdegi hennar í gær.

meirihluta atkvæða. Af ótta við styrk Suu Kyis í stjórnmalum og vinsældir hennar hefur herstjórnin ítrekað haldið henni í stofufangelsi. Nú síðast frá árinu 2003.

Evrópskir stuðningsmenn Aung San Suu Kyi, sýndu einnig samstöðu sína með þessum friðar-

verðlaunahafa Nóbels frá 1991. Danski utanríkisráðherrann, Per Stig Möller, kallaði eftir því að Suu Kyi yrði sleppt úr stofufangelsi og sagði hana merki lýðræðis og frelsis í öllum heiminum. Í Noregi komu stuðningsmenn hennar saman fyrir framan þingið

og norska Nóbelsnefndin sendi frá sér tilkynningu þar sem hún hvatti herstjórn Myanmar til að leysa hana úr haldi. Þá voru haldnar samkomur til stuðnings Suu Kyi í Kuala Lumpur, Malasía, Bangladess, Japan, Suður Kóreu, Bretlandi og í Bandaríkjunum. ■

Stuðningur Samherja við Stöðvarfjörð:

Styður lítil fyrirtæki

BYGGÐAMÁL Samherji hefur ákveðið að leggja tuttugu milljónir í uppbyggingu smærri fyrirtækja á Stöðvarfirði. Fyrsta september næstkomandi munu 32 Stöðfirðingar missa vinnu sína hjá Samherja þegar fyrirtækið lokar frystihúsi sínu á staðnum.

Þetta var kynnt á fjölmennum fundi í Stöðvarfirði í fyrrakvöld. Samherji, Prúnarfélag Austurlands og sveitarfélagið Austurbýggð kynntu á þeim fundi helstu niðurstöður atvinnuþróunarverkefnis, þar sem leita á lausna í at-

vinnumálum Stöðvarfjarðar.

Hugmyndin er sú að Samherji setji eina til þrjár milljónir í formlu hlutfjár í rekstur smærri fyrirtækja sem skapað gætu störf á staðnum og einnig er Samherji tilbúinn að leggja fram húsnæði sitt og aðstöðu á staðnum.

Þá hefur Samherji lýst sig tilbúinn að setja umtalsvert fé í almenningssamgöngur á svæðinu og hefur samið við Rekstarráðgjöf Norðurlands um aðstoð fyrir Stöðfirðinga við gerð rekstraráætlanu. - grs



STÖÐVARFJÖRÐUR Frystihúsi Samherja þar verður lokað í haust.

LÖGREGLUMÁL

ÖLVUN OLLI SLYSI Ölvaður öku- maður ók aftan á bíl aðfaranótt sunnudagsins í Kópavogi. Engin slys urðu á fólki. Alls stöðvaði lögreglan í Kópavogi þrjá ölvaða öku- menn aðfaranótt sunnudagsins.

SLAGSMÁL Á SÚDAVÍK Hópslagsmál brutust út eftir dansleik Papanna á Súðavík á laugardagsnóttinni. Lögreglan kom á staðinn og reyndi að stífa fólkinu í sundur en þegar það gekk ekki var gripið til þess að nota sérstakan úða, mace spray. Einn var látinn gista fangageymslurnar og lögreglan aðstoðaði fólk við að ná úðanum úr andlitinu. Ekki er vitað um upptök slagsmálanna. Þá var lögreglunni tilkynnt um ölvun- arakstur og handtók hún mann sem reyndist vera mikið ölvaður.

TJALDVAGN LOSNAÐI FRÁ BÍLNUM

Tjaldvagn losnaði aftan úr bíl á Vestfjarðarveginum við bæinn Gröf í Miðdal. Ekki urðu nein slys á fólki. Mikil umferð var í um- dæminu enda voru ein þrjú ættar- mót haldin um helgina. Að sögn lögreglunnar hafði þó allt gengið vel og allir undu glaðir við sitt.

GETRAUNIR

ENGIN FÉKK VINNING Engin reyndist vera með allar tölur réttar í Lottóúrdrætti laugar- dagskvöldsins. Potturinn var tvö- faldur og var fyrsti vinningur 5.786.150 krónur. Verður næsti vinningur því þrefaldur.

JAMESON
IRISH WHISKEY
MIDNÆTURMÓTIÐ
á Urriðavelli laugardagskvöldið 25. júní 2005

Dagsdrá hefst kl. 17:30

Bodid verður uppá hressingu fyrir og eftir mót

Þrátt verður á öllum teigum saminnis kl. 9:00

Leikinn verður 18 hola höggleikur - með og án forgjafar

Glassleg verðlaun fyrir þjó efnu sættis - með og án forgjafar

Verðlaun fyrir: hola í höggi - næst hola á öllum þar 3 holum - lengsta niðhögg á 14. þraut

Vegleg verðlaun drugin úr skotartun kappala

Þátttakendur hafa þeir sem náð hafa 20 ára aldri Verðaðeins 3000 kr.

Skráning er frá 1. júní hjá vallaarverði í síma 565 9092 eða á www.golf.is

Neytendur athugið!

Stórkostlegur verðmunur á byggingavörum

	MÚRBÚÐIN	Byko	Mismunur á hæsta og lægsta verði
Málningarvörur			
Útimálning 10 lítrar	2.990 kr. Alfacryl	4.390 kr. Byko úti/inni	47%
Innimálning 7% 10 lítrar	2.690 kr. Dekacryl 7	Ekki til	
Pakmálning 10 lítrar	5.260 kr. Deka Tex	12.203 kr. Pol	132%
Sílan (vatnsfæla) pr. líter	492 kr. Deka sílan	1.195 kr. Vatnsvari 40	143%
Epoxy gólfmálning pr. líter	896 kr. Deka Topp	2.179 kr. Málning	143%
Samskeytaspartl 28 kg	1.390 kr. Deka Rock	2.300 kr. Sheetrock	65%
Medium sandspartl 10 lítrar	1.794 kr. Dalapro	2.998 kr. Nordsjö	67%
Spartlspaði 45 cm	751 kr. Spekter	1.481 kr. Spekter	97%
Bakki og rúlla	649 kr. Spekter	814 kr. Fia	25%
Ofnapensill 50 mm	274 kr. Mako	299 kr. Mako	9%
Múrefni / Flísavörur / Áhöld			
Flotefni 25 kg	1.519 kr. ABS 147	1.558 kr. "Flotgölf"	3%
Glersteinamúr 20 kg	1.560 kr. Optiroc	2.690 kr. Optiroc	72%
Flex flísalím grátt 25 kg	1.595 kr. Deka Flex	1.990 kr. Schomurg	25%
Múrblanda 5 kg	399 kr. Deka	826 kr. Sika mortel	107%
Múrfata 12 lítra	294 kr. Jopa	513 kr. Jopa	74%
Flísalímglattari 6x6 mm	198 kr. Ranatools	803 kr. Lux	306%
Flísa sög 500 w	5.490 kr. Einhell	8.990 kr. Hanseatic	64%
Hræripinni fyrir 20 kg	995 kr. Mako	1.645 kr. Mako	65%
Demantsbolli 5" tvöfaldur	6.990 kr. Dimo	11.516 kr.	65%
Granít skurðarblað 300 mm	10.147 kr. Dimo	29.286 kr.	189%
Steypuhrævível	34.900 kr. Betomix 134 I	67.640 kr. Atika 165 I	94%
Steypuskafa	1.279 kr. Marshalltown	3.776 kr. Kraft	195%
Ýmsar byggingavörur			
Rakavarnarplast 0,2 mm	kr. 59 /m²	kr. 102 /m²	73%
Byggingaplast 0,15 mm	kr. 25 /m²	kr. 69 /m²	176%
Festifrauð 750 ml	495 kr. Deka	899 kr. Sika	82%
Límkitti 300 ml	539 kr. Danalim	873 kr. Sika	62%
Verfærakista 22"	1.990 kr. Keter Hammer	1.990 kr.	0%
Álréttскеið 2,5 m m/dropa	4.133 kr.	7.764 kr.	88%
Málband 5 m	249 kr. Ranatools	990 kr. Lux	298%
Háþrýstidæla 100 bör	5.900 kr. Einhell	9.900 kr. Bosch Aquat	68%

Innkaupakarfan*
sýnir verðmuninn

kr. 93.252,-

í Múrbúðinni

kr. 181.679,-


í Byko



Táknar lægsta verð

Byggt á verðkönnun sem gerð var af starfsmönnum Múrbúðarinnar 3. og 4. júní 2005. Leitast var við að velja vörur af sambærilegri gerð. Miðað var við merkt hilluverð.

*Innkaupakarfan er samsett úr öllum vörum á listanum í samanburðartöflunni, nema innimálningu 7% 10 lítra, sem ekki fékkst í Byko. Notast var við reiknað einingaverð þar sem um mismunandi pakkningastærðir var að ræða.



Opið mán. - fös. 8-18
laugardaga 9-17

Lægra verð á byggingavörum
fyrir ALLA - ALLTAF!



MÚRBÚÐIN
Byggingavöruverslunin í Árbænum

Kletthálsi 7 · Sími: 544-5470 · sala@murbudin.is · www.murbudin.is



VEISTU SVARID?

- 1 Hvaða dag tóku lög um íslenska fánann fyrst gildi?
- 2 Hvaða ráðuneyti fór hlutfallslega mest fram úr fjárlögum?
- 3 Hvernig fór leikur íslenska handboltlandsliðsins við Hvít-Rússa?

SVÖRIN ERU Á BLS. 30

Sáttaumleitanir og stærri lögregluumdæmi í vændum:

Ráðuneyti og lögregla semja um markmið

LÖGREGLA Björn Bjarnason dómsmálaráðherra og Bóðvar Bragason lögreglustjóri hafa skrifað undir samning um árangursstjórnnum og markmið lögreglunnar í Reykjavík. Við það tækifæri kynnti lögregluembættið stefnumótun ársins og ársskýrslu lögreglunnar fyrir árið 2004.

Dómsmálaráðherra fagnaði samningnum og sagði hann þann fyrsta sinnar tegundar hér á landi. Hann sagði samninginn mikilvægt skref í að lögregla og ráðuneyti næðu saman um þau markmið og verkefni sem í honum eru skilgreind. Björn

greindi einnig frá því að áfram yrði starfað að undirbúningi sáttaumleitana og uppbyggilegrar réttvísi að erlendri fyrirmynd. „Við munum styðjast við reynslu úr Grafarvogi og af verkefninu Hringnum sem þar hefur verið rekið,“ sagði hann. Þá upplýsti hann að í haust yrðu lagðar fram til ráðuneytisins tilögur framkvæmdanefndar um stærri löggæsluumdæmi, en stærri lögregluumdæmi sagði hann líklegri til árangurs í breyttu glæpaumhverfi þar sem viðfangsefni yrðu sífellt stærri og flóknari.

-óka



BJÖRN BJARNASON DÓMSMÁLARÁÐHERRA í ársskýrslu lögreglunnar í Reykjavík fyrir síðasta ár kemur meðal annars fram að innbrotum og ofbeldisverkum hafi fækkað milli ára meðan fíkniefnabrotum og umferðarlagabrotum fjölga. Síðdegis í gær skrifuðu dómsmálaráðherra og lögreglustjóri undir samning um árangursstjórnun.

Heppin amma:

Vann milljón í annað sinn

BANDARÍKIN Donna Goepfert, 55 ára gömul amma í Pennsylvaníu í Bandaríkjunum, vann eina milljón dollara, andvirði um 65 milljóna króna, í lottói í vikunni. Það væri ekki sérstaklega í frásögur færandi nema vegna þess að hún hafði áður unnið hámarksvinninginn.

Tölfræðilegar líkur á að fá vinninginn einu sinni eru 1,5 milljónir gegn einum, að því er greint er frá á fréttavef BBC. Líkurnar á að vinna hann tvisvar eru 419 milljónir gegn einum. ■

BAHRAIN

TEKIÐ Á ATVINNULAUSUM Um fimmtíu mótmælendur voru barðir af lögreglu og teknir til fanga fyrir utan konungshöllina í Riffa í Bahrain í gær. Verið var að mótmæla atvinnuleysi í landinu.

Endalaus framúrkeyrsla

Sennilegt er að þrjú af þeim fjórum ráðuneytum sem keyrðu fram úr fjárlögum á síðasta fjárlagaári geri það aftur á því ári sem nú stendur yfir. Ekki sér fyrir endann á því að skólar og heilbrigðisstofnanir fari fram úr fjárlögum

Af þeim fjórum ráðuneytum sem fóru fram úr fjárlögum á síðasta fjárlagaári stefna að minnsta kosti þrjú aftur fram úr í keyrslu. Ekki hefur enn náðst í stjórnendur utanríkisráðuneytisins.

Dorgerður Katrín Gunnarsdóttir varar beinlínis við því í blaðinu í dag að það stefni í enn meiri aðsókn að bæði framhaldsskólum og háskólum hér á landi. Hún segir framúrkeyrsluna fyrst og fremst stafa af þenslunni í menntakerfinu, en aðsókn að námi hér á landi hefur stóráukist. „Alþingi verður að gera sér grein fyrir því að við erum í stórsókn í menntun og að við viljum fjárfesta í menntun,“

segir Dorgerður. „Og það kostar fjármagn.“

Þótt mest hafi verið gert úr Háskólanum á Akureyri og Háskóla Íslands eru líka nokkrir framhaldsskólar sem fóru langt fram úr meðan flestir aðrir voru innan marka. Menntaskólinn í Kópavogi fór tæpar níutíu milljónir fram yfir og Verkenntaskólinn á Akureyri áttatíu milljónir. Flensborgarskóli og Fjölbrotaskólinn í Garðabæ fóru hvor um sig 65 milljónir fram yfir það sem fjárlög leyfðu. Framhaldsskólarnir í heild greiddu þó niður um þrjú hundruð milljón króna halla fyrri ára, sem er meira en framúrkeyrsla þeirra. Þar virð-



FRÉTTASKÝRING FJÁRLÖG

GUÐMUNDUR RÚNAR SVANSSON BLAÐAMAÐUR

ast málin því horfa til betri vegar, þótt fjölgun nemenda kunnist að setja strík í reikninginn.

Landbúnaðarráðuneytið, sem fór hlutfallslega mest fram úr fjárlögum af öllum ráðuneytum, eða 11,3 prósent var í rauninni í vandræðum af sömu ástæðum. Það voru Landbúnaðarháskólinn á Hvanneyri og Hólaskóli, sem heyrta undir landbúnaðarráðuneytið en ekki menntamálaráðuneytið sem voru meginorsök framúrkeyrslunnar. Guðni Ágústsson segir þá skóla nánast vera í gjörgæslu af hálfu ráðuneytisins. Vandinn er hins vegar meiri en svo að komist verði fyrir hann á þessu ári og innan ráðuneytisins búast menn við því að þessir skólar muni aftur keyra fram úr á yfirstandandi fjárlagaári.

Hljóðið er þó ólíkt betra í Jóni Kristjánssyni heilbrigðisráðherra en starfsbræðrum hans, en hann vonast til þess að ráðuneyti sitt verði nærri núllinu á þessu fjárlagaári, en þó aðeins ef ekkert óvænt komi upp á. Það er líka rétt að geta þess að þótt heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið sé að fara mest fram úr fjárlögum í krónutölum er það jafnframt dýrasta ráðuneytið. Í raun fór það aðeins 1,7 prósent fram úr fjárlögum sem er mun minni framúrkeyrsla en oft hefur verið. Landspítali-Háskólasjúkrahús er langumsvifamesta stofnunin með fjárlög sem nema um 25 milljörðum króna. Það fór tæpan milljarð fram úr fjárlögum en var þó innan fjögurra prósent markanna sem kveð-

id er á um í reglugerð um framkvæmd fjárlaga, en þegar farið er yfir þau mörk er gripið til ráðstafana gagnvart viðkomandi stofnun.

Allir þeir ráðherrar sem náðst hefur í eru sammála um að það sé alvarlegt mál ef stofnun heldur sig ekki innan ramma fjárlaga. Dorgerður Katrín er eini ráðherran sem reynir að nota framúrkeyrsluna sem rök fyrir auknum fjárlögum til síns málaflokks.

Hjá öðrum ráðuneytum er staðan í rauninni mjög góð, og flest þeirra eru að reka eigin stofnanir innan ramma fjárlaga. Þrátt fyrir framúrkeyrslu hjá ráðuneytum upp á 1,7 milljarða er það ekki lýsandi fyrir stöðu ríkissjóðs, því rekstur stofnana er aðeins hluti fjárlaganna og tekur ekki til vaxtagjalda, nýbygginga, stofnkostnaðar og viðhalds, sem og ýmissa rekstrartilfærslna eins og námslána, atvinnuleysistrygginga og beingreiðslna til bænda. Rekstrartilfærslur á árinu voru alls 3,1 milljarð innan heimilda. Þau ráðuneyti sem fóru fram úr í rekstri stofnana virðast hafa skorðið niður aðra útgjaldaliði árið 2004. Þannig voru beingreiðslur til bænda og önnur framlög í landbúnaðarráðuneytinu um 243 milljónir innan áætlunar. Framkvæmdir á vegum menntamálaráðuneytisins voru um einn og hálfan milljarð innan heimilda og utanríkisráðuneytið sparaði yfir hálfan milljarð þar sem ekki var greitt í Þróunarsjóð Evrópusambandsins eins og áætlað var. Mörgum öðrum framkvæmdum var slegið á frest og stofnkostnaður nær allra ráðuneyta var innan heimilda.

Í rauninni virðast öll ráðuneytin hafa verið að herða ólína á fjárlagaárinu. Alls voru gjöld ríkissjóðs 9,7 milljarða innan heimilda, þótt ekki sjái enn fyrir endann á rekstrarvanda í heilbrigðis- og skólakerfunum. ■

ÚTGJÖLD RÁÐUNEYTA 2004

	Fjárlög	Ríkisreikningur	
Heilbrigðis-	57.574	58.575	+1001
Menntamála-	21.318	22.150	+833
Dómsmála-	12.446	11.995	-451
Fjármála-	11.353	12.344	-506/+991
Félagsmála-	6.693	6.672	-20
Samgöngu-	6.604	6.313	-291
Utanríkis-	2.995	3.295	+300
Sjávarútvegs-	2.748	2.474	-275
Landbúnaðar-	2.234	2.485	+251
Iðnaðar- og Viðskipta-	2.223	1.740	-484
Umhverfis-	2.129	2.009	-121
Forsætis-	800	729	-71

Tölur í milljónum króna

Heimild: FJÁRMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Beina línan sýnir þá upphæð sem gert var ráð fyrir á fjárlögum árið 2004 fyrir hvert ráðuneyti og súluritin sýna hver endanleg staða viðkomandi ráðuneytis var á ríkisreikningnum samkvæmt bráðabirgðauppgjöri.

*Fjármálaráðuneytið skipti eigin rekstri á þessu ári í tvennt á yfirlitinu sem það tók saman fyrir fjárlaganefnd. Almennur rekstur þess var 506 milljónum innan fjárhéimilda en þá er ekki tekið tillit til greiðsla tengdra lífeyrismála og fjármagnstekjuskatti. Þar sem fjármagnstekjuskattur af sölu hlutabréfa ríkisins í Búnaðarbankanum var gjaldferður ári síðar en var röðgert er í raun tæplega milljarðs halli hjá Fjármálaráðuneytinu þótt útgjöldin hafi farið fram úr áætlunum.

Yfirburðalausn á geymslupörf fólks og fyrirtækja?

- Sér geymslubíll með einkaaðgangi fyrir hvern leigjanda.
- Hver leigjandi læsir sínu geymslubíli með eigin lás.
- Þú keyrir að og/eða inn í þitt bíl. Auðveldur aðgangur í gegnum bílskúrshurð.
- Frír og ótakmarkaður aðgangur á afgreiðslutímum.
- Hiti, rafmagn og öryggisgæsla innifalin.
- Ekkert móttöku- eða afgreiðslugjald.
- Sveigjanleiki í stærðum: 7, 10 og 17 fermetrar - 16, 27 og 50 rúmmetrar.
- Vaktmaður á staðnum.



Komdu á staðinn eða kynntu þér lausnirnar á www.geymsla.is

GEYMSLA 1

// Steinhellu 15 // Hafnarfirði // Sími 564 6500

Leiktu þér í

SUMMAR!

Opið til 22 í BT Skeifunni!



Ótrúlegt verð!

MiniDV videóvél NVGS17B

Panasonic

0%
VEKTIR

DV tengi og USB2
Miklir tengimöguleikar við PC og Apple vélar

800x aðdráttur
Með 800x digital og 24x optical aðdrætti nærðu öllum smáatriðum sem þú vilt.

2.5" Litaskjár
Hágæða LCD litaskjár sem þú snúið eftir hentugleika. Allar stillingar koma á skjáinn.

NightView 0 LUX
Það skiptir ekki máli þótt birtan sé engin - þú nærð samt góðum upptökum.

3 miniDV spólur fylgja

3.299**
Á MÁNUÐI Í 12 MÁNUÐI VAXTALAUST
39.988
STADGREITT

SONY

Sony Cybershot 4.1 MI DSC-S80

Hleðslurafhlióður
Með STAMINA tækninni eða allt að 440 myndir á hverri hleðslu.

2" litaskjár
Stór og vandaður 2.0" litaskjár og þú sérð vel allar myndir sem eru teknar á DSC-S80.

MPEG Movie
Það er ekkert mál að taka videomyndir eins lengi eins og minnið leyfir.

Carl Zeiss linsa
Með 3x optical Carl Zeiss Vario Tessar linsunni í DSC-S80 eru gæðin tryggð jafnvel niður í minnstu smáatriði.

0%
VEKTIR

2.499**
Á MÁNUÐI Í 12 MÁNUÐI VAXTALAUST
29.988
STADGREITT

Geggið græja!

Auka hleðslurafhlióður og hleðslutæki fylgja

FYLGIR

SONY GÆÐI

4.1 megapíxlar

Playstation tölvuleikir



Rugl verð

1.999

PC leikir - botnverð



999
Hver leikur

BT

Ótrúlegt tilboð



**Miðað við jafnar vaxtalasur greiðslur á Visa eða Mastercard skuldbréf. 0,3% stimpilgjöld bætt við samningsfjárhæðina og greiðslu með jöfnum greiðslum yfir samningstímann.

Hvað er íslenskast af öllu?

Þjóðhátíðardeginum var fagnað með pomp og prakt fyrir skemmstu. Í tilefni af því sló Fréttablaðið á þráðinn til nokkurra Íslendinga og spurði hvað þeim fyndist íslenskast af öllu.



JAKOB FRÍMANN MAGNÚSSON > ÍSLENSKAN

„Það er sjálf íslenskan, tungumálið sem er okkar hvassasta vopn í stríðu, okkar ylhýrasti blær í bliðu, hljómprútt samansafn hljóða sem speglar gjörvallt litróf Íslands og Íslendinga.“



KATRÍN JAKOBSDÓTTIR > SJÓRINN

„Mér finnst íslenskast að standa í stórgýttri fjöru og horfa á sjóinn,“ segir Katrín Jakobsdóttir íslenskufraeðingur. „Maður þarf líka að finna lyktina af sjónum, það er mjög íslenskt.“ Katrínu þykir líka íslenskt að vera úti í náttúrunni, ekki síst í nánd við sjóinn. „Ísland er auðvitað eyja og við erum umkringd af sjónum,“ segir Katrín. „Við erum alltaf að horfa á sjóinn. Það má þess vegna eiginlega segja að það sé sjórin sem gerir Ísland að Íslandi.“



HILMAR ÖRN HILMARSSON > MALT OG HARÐFISKUR

„Íslenskast af öllu íslensku er malt og harðfiskur,“ segir Hilmar Örn Hilmarsson, tónlistarmaður og allsherjargoði. „Ég finn það þegar ég er búinn að vera langdvölum í útlöndum, að þá fer efnaskiptakerfið hjá mér í rúst nema ég fái skammt af malti og harðfiski,“ bætti hann við og taldi að þarna væri um „eitthvað líffræðilegt“ að ræða.



VATNAJÖKULL < ALBERT EYMUÐSSON

„Vatnajökull. Vegna þess að hann er stærstur og mestur og hefur tilheyrt landinu frá ómunatíð. Auk þess spilar jökullinn mikið hlutverk í lífi bæjarbúa hér á Hornafirði,“ segir Albert Eymundsson bæjarstjóri á Hornafirði.

Hádegisfundur 22. júní 2005



Lykillinn að árangri sprotafyrirtækja - frá hugmynd til framúrskarandi fyrirtækis

Tækni- og verkfræðideild Háskólans í Reykjavík í samvinnu við Verkfræðingafélagið, Tæknifræðingafélagið og Völkú ehf efnir til hádegisfundar, miðvikudaginn 22. júní kl. 12:00 – 13:30 í Háskólanum í Reykjavík að Ofanleiti 2.

Dagskrá

12:00-12:05 Rögnvaldur J. Sæmundsson, forstöðumaður Rannsóknarmiðstöðvar HR í nýsköpunar- og frumkvöðlafræðum, opnar fundinn.

12:05-12:30 From business idea to a successful corporation

Jeff Ray, framkvæmdastjóri (COO) at SolidWorks Inc. fjallar um hvernig fyrirtækinu tókst að gera SolidWorks að útbreiddasta þrívíða hönnunarforriti í heiminum, aðeins 10 árum eftir að fyrirtækið var stofnað.

12:30-12:45 Living on the Bleeding Edge

Kristinn R. Þórisson, lektor við tækni- og verkfræðideild HR ber saman nýsköpun hjá sprotafyrirtækjum og stærri fyrirtækjum en hann starfaði áður hjá Lego og British Telecom og hefur tekið þátt í stofnun nokkurra sprotafyrirtækja.

12:45-13:00 An Icelandic success story

Frosti Bergsson, einn stofnenda Opinna kerfa fjallar um lykillinn að árangri í uppbyggingu fyrirtækisins sem upphaflega var stofnað sem söluskrifstofa fyrir Hewlett-Packard vörur á Íslandi árið 1984 en vikkaði svo út starfsemi sína og var komið með um 15 milljarða kr. veltu árið 2004 er Frosti seldi sig út úr fyrirtækinu.

13:00-13:30 Pallborðsumræður

Fyrirlestrar og umræður fara fram á ensku.

Léttur hádegisverður í boði.

Aðgangur er ókeypis en skráning fer fram hjá Háskólanum í Reykjavík í síma 599-6200 eða hjá Indu Maren, inda@ru.is fyrir kl. 15:00 þriðjudaginn 21. júní.



STEFÁN PÁLSSON > AÐ FÁ SÉR ÍS Í EDEN

„Að fá sér ís í Eden í Hveragerði, inni í baðstofuinnréttingunni innan um pálmatrén,“ segir Stefán Pálsson aðspurður hvað honum þykir íslenskast af öllu. „Ég á góðar minningar þaðan en þó hefur Eden kannski aðeins látið undan síga í seinni tíð,“ bætir Stefán við. Stefán ætlar þó sjálfur ekki að eyða þjóðhátíðardeginum í Eden og býst ekkert við því að fara út úr bænum heldur ætlar að spranga um miðbæinn og njóta lífsins með fjölskyldu sinni.

EGGERT JÓHANSSON > ÆTTJARÐARREMBINGUR

„Það er ekki spurning. Íslenskast af öllu íslensku er ættjarðarrembingurinn og svo þessi yndislega löngun okkar til að skeggræða alla hluti. Þetta tvennt fer afar mikið saman,“ sagði Eggert Jóhannsson feldsker. „Þessi þörf fyrir að ræða allt út í hörgul er kannski ekki beint þrætugirni, en öll mál skulu krufin til mergjar, hvað sem er, hvar sem er og hvenær sem er. Svo skaðar ekki að hafa rétt fyrir sér, eða telja að minnsta kosti að svo sé.“



UNNUR MARÍA BERGSVEINSDÓTTIR > BUBBI MORTHENS



„Í Bubba kristallast mörg einkenni þjóðarsálarinnar,“ segir Unnur María Bergsveinsdóttir, sagnfræðingur og Brúðarbandsmaer. „Hann hefur verið mér hugleikinn undanfarið, en ég lauk nýlega grein í bók um kontrafaktiska sagnfræði þar sem ég spyr: „Hvað ef Bubbi hefði verið kona?““ Bubbi lauk aðeins skyldunámi en hefur samt verið áhrifamikill samfélagsrýnir,“ segir Unnur. „Íslendingar tortryggja langskólagengið fólk en treysta jöxlum eins og Bubba. Svo er mjög íslenskt að söðla um ef maður uppgötvar eitthvað nýtt og Bubbi hefur margt breytt um stíl. Þá er Bubbi einn af óteljandi alþýðusagnfræðingum sem greipir liðna atburði í verk sín og heldur þeim á lofti. Allir þekkjа Agnesi og Friðrik, en óttinn á tímum vígbúnaðarkapphlaupsins og kjarnorku-byrgið í Bústöðum lífa líka í verkum hans. Bubbi er líka alltaf fyrst og fremst töffari,“ segir Unnur. „Það að vilja vera töffari finnst mér einmitt íslenskast af öllu íslensku.“



Eitt líf – njótum þess



Heilsu og hægingindadagar Tilboðin í fullum gangi!

Mesta úrval landsins af stillanlegum rúmum - komdu og finndu þitt rúm

Fjöldi tilboða á stillanlegum rúmum!



Amerískir gaflar með hönnun í takt við tímann

King
193x203 cm.
Cal. King
183x213 cm.
Gaff
Botn
Lappir
Dýna
AÐEINS KR
162.900,-



Queen
152x203 cm.
Gaff
Botn
Lappir
Dýna
AÐEINS KR
134.900,-

THE NeverTurn
MATTRESS

www.design.is @ 2005



15 sekúndur


Áttu von á gestum? Glæsilegur sýningarsalur okkar er fullur af nýjum svefnsófum – NÚ Á TILBODI!

Ekki missa af þessu!!!

**Betra
BAK**

Faxafeni 5 • Reykjavík • Sími 588 8477
betrabak@betrabak.is • www.betrabak.is
Opíð virka daga frá kl. 10-18
Lokað á laugardögum í júní og júlí

SVONA ERUM VIÐ



baksvið

fréttir og fróðleikur

HVAD ER? VANHÆFI?

Ákveður sér til góða

Hvað er vanhæfi?

Með vanhæfi er einkum átt við það að séu hagsmunir einstaklings svo miklir við ákvarðanatöku í tilteknum máli, að hann geti haft af afgreiðslu málsins veruleg áhrif sér til góða, sé hann vanhæfur til að hlutast til um málið með samþykki sínu eða synjun. Honum ber því að víkja sæti við afgreiðslu málsins til þess að forðast hagsmunaárekstra. Vanhæfi getur jafnt átt við opinbera aðila sem og einkaaðila. Munurinn er einkum sá að um opinbera aðila gilda skýrari reglur og lög, þar á meðal stjórnsýslulög. Í þeim er fjallað um hvenær einstaklingar, sem starfa hjá hinu opinbera, teljast vanhæfir.

Hvenær eru menn vanhæfir?

Stjórnsýslulög voru sett árið 1993 en fyrir þann tíma var stuðst við óskráðar reglur, sem

má telja til jafns við skráðar reglur hafi þær mótast af tiltekinni venju í réttarkerfinu, en slíkt hefur verið staðfest meðal annars af Umboðsmanni Alþingis. Í athugasemdum með þriðju grein stjórnsýslulaganna þar sem fjallað er um vanhæfi er kveðið á um að opinber starfsmaður teljist vanhæfur hafi hann af úrlausn máls einstaka hagsmuni svo sem ágóða, tap eða óhagræði. Í þingskópum Alþingis er einnig að finna ákvæði um vanhæfi þar sem kveður meðal annars á um að þingmanni sé óheimilt að greiða atkvæði með fjárveitingu til síns sjálfs.

Hvað gerist ef menn eru vanhæfir?

Í stjórnsýslögum er einnig að finna ákvæði um að ef um er að ræða stjórnsýslunefnd þá ákveður hún sjálf hvort að nefndarmenn eigi að víkja sæti. Ef um er að ræða stofnun ber



hins vegar yfirmanni viðkomandi einstaklings að ákveða hvort hann eigi að víkja. Ef einstaklingur hefur hins vegar ekki víkið sæti og haft verulega hagsmuni af málinu samkvæmt því sem áður var talið, hvort sem er með athöfn eða athafnaleysi, getur sá sem telur á sig hallað, höfðað mál til ógildingar á þeirri ákvörðun sem tekin var.

SPURT & SVARÐ

AFHENDING FÁLKAORÐUNAR 17. JÚNÍ



RÓSA ERLINGSDÓTTIR
Stjórnmalafraeðingur

Karllæg athöfn

Fálkaorðan var að venju afhent 17. júní af forseta Íslands. Tólf fengu orðuna í ár og meðal þeirra var Eður Smári Guðjohnsen, knattspyrnumaður og fyrirlíði íslenska landsliðsins. Athygli vakti að af þeim tólf sem fengu orðuna voru aðeins tvær konur, þær Drífa Kristjánsdóttir fyrir störf að velferðarmálum unglunga og Guðbjörg Kristjánsdóttir fyrir störf í þágu lista og menningar. Rósa Erlingsdóttir, verkefnisstjóri Þingvallahátíðar sem haldin var í gær í tilefni þess að 90 ár eru liðin frá því konur fengu kosningarétt, segir að henni hafi fundist athöfnin hallærisleg.

„Hún endurspeglar stöðu jafnréttismála hér á landi. Þetta er karllæg athöfn. Í ár er verið að fagna sögulegum viðburðum í jafnréttisbaráttu kvenna, bæði hér heima og erlendis. Orðunefndin og forseti Íslands hefðu mátt taka tillit til þess. Einungis þriðjtu prósent af þeim sem hafa fengið fálkaorðuna síðastliðin tíu ár eru konur og fyrir hvað? Ekki beint fyrir þau störf sem eru kvenleg eins og umönnunarstörf og jafnréttismál. Forseti Íslands er stórmeistari Fálkaorðunnar og hann hefur neitunarvald. Í jafnréttisnefndinni sitja sex karlmenn og ein kona. Af hverju er hún ekki skipuð jafnmörgum konum og körlum? Mér fannst hallærislegt að sjá tíu karla og tvær konur fá fálkaorðuna á föstudaginn.“



Jafnrétti krafist Konur á öllum aldri mættu á Þingvelli til þess að fagna 90 ára afmæli kosningaréttar kvenna



JAFNRÉTTISRÁÐHERRA Í BLEIKU Árni Magnússon var titlaður jafnréttisráðherra í dag-skrá hátíðarinnar. Hann fékk afhentan bleikan bol og tók sig nokkuð vel út í honum.

RIGNINGIN STÖÐVAÐI EKKI KONURNAR Þrátt fyrir að rígt hefði á Þingvöllum í gær stöðvaði það ekki tvö þúsund manns í því að koma og fagna 90 ára afmæli kosningaréttar kvenna.



FRÚ VIGDÍS FINNBOGADÓTTIR Flutti hátíðarárvarp í tilefni dagsins. Henni fannst jafnréttisbaráttan vera skammt á veg komin.



Talstöðin
FM 90,9

HÁDEGISÚTVARPIÐ
Fréttir og fréttatengt efni í umsjón
Sigmundar Ernís Rúnarssonar og Sigurjóns M. Egilssonar.
Alla virka daga kl. 12.

Þingvellir líka fyrir konur

Um tvö þúsund manns mættu á Þingvallafund sem haldinn var í tilefni af 90 ára afmæli kosningaréttar kvenna. Veðrið setti sinn svip á hátíðina en það rigndi á hátíðargesti.

„Þetta gekk rosalega vel,“ sagði Katrín Anna Guðmundsdóttir, kynningarstjóri Þingvallafundar. Dagskráin hófst klukkan eitt þegar Almagnagjá var gengin. Settar voru átján rósir í Drekkingsarhyl í minningu þeirra átján kvenna sem drekkt var í hylnum. Að því loknu hófst hátíðardagskrá á Efrivöllum þar sem dagskráin var sett. Frú Vigdís Finnbogadóttir flutti hátíðarárvarp.

Gerð Þingvallafundar var lesin upp og afhent Árna Magnússyni, félagsmálaráðherra. Hann sagði að útrýma þyrfti launamisrétti og hvatti hann fyrirtæki til þess að taka þátt í þeirri aðgerð. Árni hafði fyrr um daginn sent fyrirtækjum og stofnunum með tuttugu og fimm starfsmenn eða fleiri bréf þar sem þau voru hvött til að athuga hvort óútskýrður kynbundinn launamunur væri til staðar.

Katrín Anna sagðist vera ánægð með þátttökuna en um tvö þúsund manns mættu á Þingvelli. „Þetta var í samræmi við þær væntingar sem við gerðum,“ sagði hún og bætti við að henni fyndist frábært að sjá að konur létu ekki smá rigningu hafa áhrif á sig. „Við höfum stundum áhyggjur af því að jafnréttismál séu ekki ofarlega á baugi. Þessi þátttaka sýnir að fólk er að verða virkara í baráttunni.“

Ástæðuna fyrir valinu á stað-

um sagði Katrín Anna vera þá að Þingvellir hefðu hingað til verið full karllægir. „Við vildum með þessu sýna, á táknrænan hátt, að Þingvellir eru staður fyrir konur líka,“ sagði hún og bætti við að þetta væri sennilega í fyrsta skipti sem að konum hefði markvisst verið stefnt að Þingvöllum. Aðspurð um hvort það yrði árviss atburður að halda 19. júní hátíðlegan á Þingvöllum sagði Katrín það ekki vera á dagskránni. „Þetta er stórafmæli og þess vegna vildum við halda daginn hátíðlegan á stað sem er táknrænn fyrir þjóðina,“ sagði hún.

Veðurguðirnir voru ef til vill ekki hátíðinni hlíðhollir því það rigndi á hátíðargesti. Gárungarnir hafa þess vegna gantast með það að veðurguðirnir séu karllægir. „Við hins vegar segjum að þeir hafi grátið yfir því hversu skammt á veg jafnréttisbaráttan er komin.“

Nettó slær ekki slöku við

við gerum okkar besta



370 kr.
lækkun á kg.

lítil fita
-frábær gæði

BAUTABÚRÐ



799
kr.kg.

Ungnautahakk 1. flokkur



við
gerum
betur

Kjötþúðingur
og Dalapylsa

21
fyrir

Kjötþúðingur og
Dalapylsa



200 kr.
lækkun á stk.

99

kr.stk.

Dolmio pastasósur
áður 299 kr. stk.



BAUTABÚRÐ

50%

afsláttur við kassa

Bautabúrs brauðskinka



risa-
pakki!

1. ltr. af
léttmjólk fylgir
frítt með

Honey Nut Cheerios 765gr.



stór-
lækkun!

39

kr.kg.

Appelsínur



við
gerum
betur

29

Jonagold epli

allt í matinn á einum stað

www.netto.is • Verð birt með fyrirvara um prentvillur
Tilboðin gilda 20. júní (nema annað sé tekið fram) eða meðan birgðir endast
Akranes • Akureyri • Grindavík • Mjódd Reykjavík • Salahverfi Kópavogi

netto

FordFreestyle 4x4



Vertu á nýjum Ford Freestyle 4x4
 Dæmi: Ford Freestyle SEL 3,0 V6 ssk.
Sumartilboð*
39.200 kr.
 Bítasamningur
 Rekstrarleiga 68.300 kr.

Veldu nýjan Ford

Nýtt tákni


Atriði af gæðalista staðalbúnaðar SEL:

HALDEX rafeindastýrt fjórhjóladrifskerfi. Spólvörn (Traction control). CVT stíglaus sjálfskipting. Tvívirk tölvustýrd miðstöð með loftkælingu. Útvarp, 6 diska geislasplari, MP3 spilari og Premium hljómkerti. Álfelgur 17" 5-rima. Framsæti rafstillanleg. ABS hemlakerfi með EBD hemlajöfnun. Akurstólva með áttavita.

Sérstaklega dökk gler í öftustu hlíðarrúðum og afturglugga. Hraðastillir. Stillingar í stýri fyrir hljómtæki. 3ja sætaröð 50/50 skiptanleg og niðurfellanleg í gólf. Leðurklætt stýri og gírstangarhnúður. Samlitir rafstillanlegir upphitaðir útispeglar. Rafstýrðar rúður. Fjarstýrd samlæsing. Öryggisþúðar fyrir ökumann og farþega í framsæti.

7 manna 4x4 Ford Freestyle*

Kaupverð	Sjálfskiptur
Ford Freestyle SEL 3,0V6	3.960.000 kr.
Ford Freestyle Limited 3,0V6	4.240.000 kr.




Íslendingar velja Ford umfram önnur leiðandi bílamerki (74,1% aukning 2004) og er Ford meðal vinsælustu bílamerkja á Íslandi. Endursalan staðfestir það einnig. Vertu í hópi þeirra bestu. Veldu nýjan Ford.

Viðbótarbúnaður í Freestyle Limited, umfram SEL:

Minni fyrir bílstjóraseti og útispegla. Upphitanleg framsæti. Leðuráklæði á aðalsætum. Samlitir klæðningar á hlíðum. Viðarklæðning á miðjustokk. Álfelgur 18" 5-rima. PIRELLI dekk. Audiophile hljómkerti með bassakeilu. Farangursnet.

Nýttu þér sumartilboðin
Skoðu úrvalið í bílaverslun Ford á Íslandi

- Ford Fiesta Trend** 5 dyra 1,4i 5 girá*
 Kaupverð 1.430.000 kr. Bítasamningur 14.970 kr. Rekstrarleiga 27.950 kr.
- Ford Fusion Trend** 5 dyra 1,4i 5 girá*
 Kaupverð 1.570.000 kr. Bítasamningur 16.440 kr. Rekstrarleiga 29.980 kr.
- Ford Focus Trend** Wagon 1,6i 5 girá*
 Kaupverð 1.990.000 kr. Bítasamningur 20.865 kr. Rekstrarleiga 35.950 kr.
- Ford Focus C-Max Trend** 5 dyra 1,6i 5 girá*
 Kaupverð 1.895.000 kr. Bítasamningur 19.840 kr. Rekstrarleiga 34.950 kr.
- Ford Mondeo Ghia** Wagon 2,0i sjálfskiptur*
 Kaupverð 2.650.000 kr. Bítasamningur 27.824 kr. Rekstrarleiga 49.975 kr.
- Ford Galaxy Trend** 7 manna 2,0i 5 girá*
 Kaupverð 2.605.000 kr. Bítasamningur 27.280 kr. Rekstrarleiga 48.500 kr.
- Ford Mustang Deluxe** 3 dyra 4,0i V6 5 girá*
 Kaupverð 2.860.000 kr. Bítasamningur 30.030 kr.
- Ford Escape XLS 4x4** 5 dyra 2,3i sjálfskiptur*
 Kaupverð 2.810.000 kr. Bítasamningur 29.430 kr. Rekstrarleiga 52.700 kr.



Við staðgreiðum gamla bílinn veljir þú bíl frá Brimborg. Þú veltir fyrir þér hvernig best er að losna við gamla bílinn. Brimborg kaupir hann af þér staðgreitt** veljir þú bíl frá Brimborg. Þú færð peninginn beint í vasann - eða greiðir

upp lánið á gamla bílnum. Þú losnar við allt umstang við að selja og minnkar þinn kostnað. Komdu og skoðuðu Ford í dag. Komdu í Brimborg - skoðuðu nýja hönnun og kynntu þér hvernig þú getur fengið þér nýjan Ford.

* Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að auki er kaupverð háð gengi. Lán er bítasamningur með 30% útborgun og mánaðarlegum greiðslum í 84 mánuði og eru háðar breytingum á vöxtum og gengi erlendrar mynta 50% ísk / 50% erl. myntkarfa. Leiga er rekstrarleiga og er miðuð við mánaðarlegar greiðslur í 36 mánuði sem eru háðar gengi erlendrar mynta



Ford Freestyle er ný og framsækin hönnun, stærri en Subaru Outback og á lægra verði en lúxusbílarir Volvo XC70 Cross Country og Audi Allroad.

©2004 FORD MOTOR COMPANY. FORD MOTOR COMPANY INTERNATIONAL

um gæði

► Íslendingar velja Ford umfram önnur vestræn bílamerki. Spannandi hönnun, aukin gæði og örugg þjónusta Brimborgar er trúleg ástæða þess að Ford sækir á Toyota sem vinsælasta bílamerkið á Íslandi. Upplifðu nýtt tákni um gæði - veldu Ford.

Samkonar bíll ekki til hjá Toyota

Gömul tákni eru fallin. Og ný tekin við. Hönnun Freestyle er nýtt tákni um framsækni og afburðatækni Ford. Freestyle er ný gerð af bíl (CrossOver), ný hugmynd fyrir fólk sem vill eitthvað annað en jeppa, sportjeppa, jeppling eða fjórhjóladrifinn skutubíl. Freestyle er svolítið „frístæl“ eða fólksbíla-

útgáfan af sportjeppa eða jepplingi: Hár og töff, fjórhjóladrifinn, öflugur og vel búinn með sæti fyrir sjö manns. Hann er stærri en Subaru Outback og á lægra verði en lúxusbílarir Volvo XC70 Cross Country og Audi Allroad. Ný og framsækin hönnun og ekki fánleg hjá Toyota. Spurðu um þjónustu Ford.

Hljóðlát Duratec V6 vélin skilar örugglega 203 amerískum hestöflum og togar 280 Nm. Freestyle er útbúinn nýrri og fullkominni orkusparandi CVT stíglausri sjálfskiptingu sem tryggir að Freestyle skilar nákvæmlega því afli sem óskað er. Rafeinda-stýrt Haldex® fjórhjóladrifið, búið spólvörn, vakir yfir

ástandi vegarins og sjálfvirkir skynjarar grípa tafarlaust inni tapi eitthvert hjólanna afli í því skyni að halda bílnum stöðugum. Veldu Ford.

Hæstu einkunn fyrir öryggi frá NHTSA

Freestyle hefur hlotið hæstu mögulega einkunn í árekstrarprófi NHTSA (National Highway Traffic Safety Administration) í Bandaríkjunum - bæði fyrir högg á framenda og hliðar. Vertu í hópi þeirra bestu, í dag og um alla framtíð. Veldu Ford Freestyle.

Berðu saman bíla. Komdu í Brimborg. Veldu nýjan Ford - nýtt tákni um gæði.



■ **Ford Freestyle SEL 4x4** nanna 3,0i V6 sjálfskiptur*
Kaupverð 3.960.000 kr.
Bílasamningur 39.200 kr.
Rekstrarleiga 68.300 kr.



■ **Ford Explorer XLT Sport 4x4** 5 dyra 4,0i V6 sjálfskiptur*
Kaupverð 4.190.000 kr.
Bílasamningur 43.880 kr.
Rekstrarleiga 79.600 kr.



■ **Ford Expedition Eddie Bauer 4x4** 8 manna 5,4i V8 sjálfskiptur*
Kaupverð 5.160.000 kr.
Bílasamningur 53.990 kr.
Rekstrarleiga 102.500 kr.



■ **Ford Ranger XL Crew Cab 4x4** 4 dyra 2,5 turbo dísil 5 girar*
Kaupverð 2.370.000 kr.
Bílasamningur 24.820 kr.
Rekstrarleiga 43.900 kr.



■ **Ford Explorer Sport Trac XLT 4x4** 4 dyra 4,0i V6 sjálfskiptur*
Kaupverð 2.960.000 kr.
Bílasamningur 30.990 kr.
Rekstrarleiga 56.700 kr.



■ **Ford F-350 Lariat Crew Cab 4x4** 4 dyra 6,0 turbo dísil V8 sjálfskiptur*
Kaupverð 4.128.000 kr.
Bílasamningur 43.160 kr.



Öruggur staður til að vera á

skoðun

SJÓNARMÍÐ
KÁRI JÓNASSON

Um þessar mundir eru 25 ár frá því að frú Vigdís Finnbogadóttir var kjörin forseti

Þær bogna ef til vill en brotna ekki

Margt ungt fólk á líklega erfitt með að skilja það nú á dögum að það hafi kostað konur mikla baráttu að fá kosningarétt til jafns við karla, og að það séu aðeins 90 ár síðan það tókst. Það er kannski enn óskiljanlegra mörgum að kosningaréttur kvenna hafi í fyrstunni verið bundinn við 40 ár og það hafi ekki verið fyrr en árið 1929 að konur fengu fullan kosningarétt á við karla.

Nú um helgina var þessara tímamóta minnst og jafnframt var saga baráttunnar fyrir kosningarétti kvenna rifjuð upp. Það er líka ástæða til að rifja upp fleira í jafnréttismálunum við þessi tímamót. Þar er efst á blaði launamisréttid sem enn viðgengst gagnvart konum. Það er margsannað mál að konur fá í raun ekki sömu laun fyrir sömu vinnu og karlar. Hvernig getur staðið á því nú á 21. öldinni? Er þetta eitthvert ófyrstíganlegt lögmál? Er þetta körlum að kenna eða konunum sjálfum? Í raun eiga sömu kjarasamningar að gilda fyrir karla og konur, en þegar upp er staðið þá bera karlarnir meira úr bítum. Þeir hljóta líka meiri starfsframa og eiga kost á því að afla sér meiri tekna en konurnar. Það er búið að halda margar ræður og mörg málþing um þetta launamisrétti, en það virðist þokast hægt í réttlætisátt.

Við þessi tímamót hefur félagsmálaráðherra skrifað öllum fyrirtækjum sem eru með 25 starfsmenn eða fleiri, þar sem hvatt er til jafnréttis í launamálum karla og kvenna. En það þarf meira til. Það er ekki nóg að konurnar séu í fararbroddi við að jafna launamisréttið, karlar mega ekki láta sitt eftir liggja í þeim málum, því þetta er ekki aðeins viðfangsefni kvenna, heldur þjóðfélagsins alls – bæði karla og kvenna.

En það eru fleiri tímamót varðandi konur sem haldið skal á lofti, því um þessar mundir eru liðin 25 ár frá því frú Vigdís Finnbogadóttir var kjörin forseti Íslands, fyrst kvenna í heiminum til að verða þjóðkjörin forseti. Hún flutti ræðu á hátíðarsamkomunni á Þingvöllum í gær. Þar sagði hún: „Já, hér á Þingvöllum gengu þær um formæður okkar, hnarreistar og stoltar og urðu að merku söguefni, Hallgerður, Þorgerður Egilsdóttir, Helga fagra, Guðrún Ósvífursdóttir og svo auðvitað Hið ljósa man. Þegar Jón Hreggviðsson var spurður í Kaupmannahöfn um þá dulúðugu konu uppi á Íslandi sagði hann: „Hið ljósa man: Hún er mjó, eins og það tré, reyrstafur, sem er grennst og veikast af öllum trjám. Þesskonar stafur, sem ekki hefur brotnað, heldur réttist úr beygjunni þegar átakanu sleppir og er þá orðinn jafnbeinn og fyrr.“

Þannig má lýsa öllum íslenskum konum, enda Snæfríður Íslandssól samnefni fyrir þær. Þær bogna ef til vill, en brotna ekki. Við kunnum að bogna um stund þegar við horfumst í augu við ágjafir og afturför á braut sem átti að vera framfarabraut, t.d. þegar konur höfðu notið kosningaréttar í 50 ár og voru enn aðeins örfáar á Alþingi Íslendinga.“

Já, íslenskar konur brotna ekki þótt ekki miði alltaf fram á við, en notum nú þessi tímamót til að hefja enn á ný baráttu fyrir framgangi kvenna í þjóðfélaginu, því í þeim býr mikill auður. ■

Dýrir bændur

Landbúnaðarráðuneyti Guðna Ágústssonar hélt sig ekki innan fjárheimilda á síðasta ári og ætla ekki að gera það á þessu ári. Til afsökunar á óhlyðninni bendir ráðherrann og hans fólk á



hversu dýrt er að mennta bændur, ekki að það sé endilega svo mikið dýrara nú en áður. Hins vegar gleymdist að gera ráð fyrir öllum kostnaðinum við að breyta landbúnaðar-

FRÁ DEGI TIL DAGS

skóla í háskóla. Auðvitað er það engin afsökun, það er frekar enn ein staðfesting á því hversu illa ríkið undirbýr verk. Guðni getur ekki afsakað sig með ónákvæmni og trónir á toppi þeirra sem eyddu umfram heimildir.

Aðrir eyða minna

Sumum ráðherrum virðist ganga betur að tryggja sér peninga en eyða þeim. Skýrt kemur um það er Árni Mathiesen sjávarútvegsráðherra. Á eftir ári á hann afgang, sem segir okkur meðal annars að hann hefur betri tök á fjárveitingavaldinu en hann hefur not fyrir.



sm@frettabladid.is

Ó je

Þegar ég var á sumrin hjá ömmu minni og afa á Akureyri var eitt af því sem gerði dvölina ánægjulega hversu góðar mjólkurvörurnar voru – sérstaklega súrmjólkinn sem var einhvern veginn allt öðruvísi en sú hér fyrir sunnan, mjúk og bragðgóð og ekki einu sinni neitt sérstaklega súr. Hún var í brúnum flöskum með skærgrænum miða minnr mig sem átti ekki sístan þátt í að gera hana svo lystuga sem raun ber vitni – og þessar flöskur kjagaði maður með tómar upp í gil að ná í meira. Í súrmjólkurmálum sýndu Akureyringar svo sannarlega á sér sínar bestu hlíðar.

Þótt ég lærði það snemma af ömmu minni að vera andvígur KEA veldinu og fylgdi henni oft á löngum og krókóttum innkaupaferðum sem hún tók á sig til að þurfa ekki að fara í verslun þess sem var í næsta húsi við hana í hetjulegri baráttu sinni við að hunda KEA á Akureyri – þá verð ég á hinn bóginn að játa að mér hefur alltaf þótt þetta gamla og óbreytanlega merki vísa á gæði þegar um skyr er að ræða, auk þess sem þar á bæ ríkti sýnilega ekki vanmetaleg fordild á borð við þá að fara að kenna varninginn við internetið eins og sunnlenskir skyrframleiðendur dattu niður í hér fyrir sunnan og minntu á miðaldra mann með hártopp á unglingsballi að segja „óje“ í allar áttir.

Par til nú.

Allt í einu hefur þessi gamli og virðulegi mjólkurframleiðandi tekið upp á því að reyna að yfirtrompa .is-íð hjá þeim fyrir sunnan og setja á markað drykk sem heitir hvorki meira né minna en „Smoothie“. Þeir eru töffaralegir hjá KEA – búnir að greiða fram hártoppinn, setja upp sölgeraugun, smella fingrum með „óje“ á vörinum. Þeir segjast vera að ná til unga fólksins, sem þar með fær

þau skilaboð frá þessu gróna fyrirtæki að tala þurfi ensku við það.

Nú er það svo að enska er svo ríkur hluti af málumhverfi okkar allra að vart líður sá dagur að við grípum ekki til hennar í einhverju samhengi til þess að orða einhverja hugsun, nefna eitthvert fyrirbæri eða bara slá um okkur. Við því er ekkert að segja, slíkt getur aukið blæbrigðin í máli

Í DAG

NAFNIGFT Á SKYRDYRKK

GUÐMUNDUR ANDRI THORSSON



... mér hefur alltaf þótt þetta gamla og óbreytanlega merki vísa á gæði þegar um skyr er að ræða, auk þess sem þar á bæ ríkti sýnilega ekki vanmetaleg fordild á borð við þá að fara að kenna varninginn við internetið...

fólks og sá sem kemur vel fyrir sig orði á ensku er líklegur til að vera líka orðheppinn á íslensku. Og vel má vera að senn verði þjóðin tvítýngd, tali íslensku og svo einhvers konar skollaensku. Kannski verður ekki spornað fótum við framrás enskunnar, enda er hún mál afþreyingariðnaðarins sem fólk ver sífellt meiri tíma í að neyta. Sennilega er orðið of seint að fara að talsetja kvikmyndir fyrir fullorðna eins og gert er við barnaefni. Það er eiginlega hálf

Aumingja Jón

Jón Kristjánsson heilbrigðisráðherra er varfærinn maður. Þótt hann kappkosti við að gera vel og hans málaflökkur hafi ekki farið nema, ef hægt er að nota það orð, 1,7 prósent umfram fjárheimildir á síðasta ári trónir hann á toppnum þegar peningarnir eru taldir þar sem hans málaflökkur er það fjárfrekur. Jón tók rúnum milljarði meira til þarfa málaflökksins en heimildir leyfðu. Það er langtum meira í peningum en þeir tóku sem fóru meira en tíu prósentum framúr. Jón græðir ekki á stærðinni í þessum samanburði.

24.490

7"sjónvarp

tilvalið í bílinn, húsbílinn, fellihýsið eða tjaldvagninn

- 3,2 sm þykkur flatskjár
- innbyggðir hátalarar + eyratól
- 12V rafmagnstengi fyrir bíla
- spennubreytir fyrir 220V
- hægt að nota sem skjá - AV tengi

Glóey

Ármúla 19 • 108 Reykjavík • Sími 568 1620 • www.gloey.is

Ætlum við að hellast úr lestinni?

Reyklausir með reykingahósta

Það er kominn tími á reykingabánn

LESTU GREININA Á VISIR.IS OG SEGÐU SKOÐUN ÞÍNA

visir

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRI: Kári Jónasson FRÉTTARITSTJÓRAR: Sigurjón M. Egilsson og Sigmundur Emir Rúnarsson AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FULLTRÚI RITSTJÓRA: Guðmundur Magnússon RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinn Stefánsson AUGLÝSINGASTJÓRI: Þórnundur Bergsson RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skafthlíð 24, 105 Reykjavík AÐAL-SÍMI: 550 5000 SÍMBRÉF Á FRÉTTABLAÐI: 550 5006 NETFÖNG: ritstjorn@frettabladid.is og auglysingar@frettabladid.is VEFFANG: visir.is UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. dreifing@posthusid.is Fréttablaðið er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. ISSN 1670-3871



Sólarupprás Hádegi Sólarlag
 REYKJAVÍK 2.54 13.29 00.04
 AKUREYRI 1.26 13.14 1.03
 Heimild: Almanak Háskólans

FRÉTTABLAÐIÐ

Góðan dag!

Í dag er mánudagur 20. júní,
 171. dagur ársins 2005.

101 Reykjavík	32-33
Árborgir	20
Ás	10-11
Draumahús	21-23
Eignakaup	41
Eignastýring	30
Fasteignamiðlun	8
FMG	8
FMH	34
Fast. Suðurnesja	20
Hof	29
Hóll	35
Hraunhamar	16-17
Húseign	37
Húsaland	9
Höfði	7
Klettur	19
Lundur	13
Lyngvík	18
Neteign	39
Nethús	6
Nýtt heimili	38
Remax	29,30,41
Smárin	14-15, 31
Þingholt	36
X-hús	12

SMÁAUGLÝSINGAR
 byrja í dag á bls. 58

Flokkar & fjöldi

- Bílar & farartæki
- Keypt & selt
- Þjónusta
- Heilsa
- Skólar & námskeið
- Heimilið
- Tómstundir & ferðir
- Húsnæði
- Atvinna
- Tilkynningar

DÚ GETUR PANTAÐ
 SMÁAUGLÝSINGAR
 Á visir.is



allt - fasteignir

hús o.fl.

Langholtsskólinn er flottur BLS. 2
 Hótel Valhöll nýuppgerð BLS. 4

ER ÞÍN FASTEIGN AUGLÝST HÉR?

MEST LESNA FASTEIGNABLAÐ LANDSINS



Húsið er afskaplega glæsilegt með bílageymslu í kjallara.

Falleg þakíbúð á góðum stað í bryggjuhverfi

Fasteignasalan Nýtt er nú með til sölu fallega íbúð á tveimur hæðum, svokallaða „Penthouse“ íbúð í Nausta-bryggju 23 í Reykjavík.

Gengið inn í forstofu með góðum skáp og flísum sem ná einnig inn í hol og eldhús. Eldhús með fallegri innréttingu úr hlyni, stór gaseldavél með áfastrí viftu og granít á bekkjum. Borðstofa og stofa með dökku parketi og útgengt út á rúmgóðar svalir.

Badherbergi er með badkeri og góðri innréttingu úr hlyni. Tvö stór svefnherbergi eru á neðri hæð með fataskápum úr hlyni og þvottahús er á hæðinni.

Flísalagður stigi er á milli hæða með fallegu stál/glerhandriði. Stofa er stór og notuð sem sjónvarpshol. Útgengt á vestursvalir, flísalagt salerni, innrétting með granítbekk og fallegri handlaug en háloft er yfir salerninu. Einnig er góð geymsla með mikilli lofthæð þar sem hægt væri að setja milliloft. Mikil lofthæð er á efri hæð og er talsvert undir súð. Tvö stór svefnherbergi bæði með skápum úr hlyni.

Bílageymsla er í kjallara og einnig sameiginleg hjóla- og vagnageymsla. Ásett verð er 34,9 milljónir. ■

LIGGUR Í LOFTINU í fasteignum

Skóflustunga að nýbyggingu við Menntaskólann á Egilsstöðum var tekin nýlega. Það gerðu Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra og Soffía Lárusdóttir, forseti bæjarstjórnar Fljótsdalshérads, í sameiningu. Stærð nýja hússins verður rúm 1000 fermetrar. Byggingu þess á að vera lokið haustið 2006.

parhús, tvær hæðir og ris en til greina kemur líka að flytja eldri hús þangað.



Icelandair Hótel Hamar við Borgarnes er í burðarliðnum. Fyrstu gestir eru bókaðir þann 27. þessa mánaðar svo nú er allt að smella. Hótelíð verður hið eina hér á landi sem nánast verður inni á golfvelli þegar allt verður komið í endanlegt horf. Eignendur eru hjónin Hjörtur Arnason og Unnur Halldórsdóttir.

Lausar lóðir eru við Vesturgötu 10 og 12 í Hafnarfirði. Þar er heimilt að byggja allt að tvö

fasteignir@frettabladid.is

Íbúðalán

4,15%

Kynntu þér kostina við íbúðalán Landsbankans. Fáðu ráðgjöf hjá sérfræðingum okkar og veldu leiðina sem hentar þér best. Hafðu samband í síma 410 4000 eða á fasteignathjonusta@landsbanki.is

410 4000 | landsbanki.is



Landsbankinn
 Banki allra landsmanna

Illgresi

Ef farið er reglulega yfir grasflötina og fíflar og illgresið stungið upp jafnóðum og það birtist er mun auðveldara að halda grasinu snyrtilegu og fallegu.




GLÓFAXI HF.
ÁRMÚLA 42 - SÍMI 553 4236

BÍLSKÚRS OG IÐNAÐARHURÐIR

- Hurðir til á lager • Smíðað eftir máli
- Eldvarnarhurðir • Öryggishurðir

GEGNHEILT PARKET

– BREIÐ OG LÖNG BORD

Gegnheilt gæða parket í flestum viðartegundum. Framleitt á Íslandi fyrir íslenskar aðstæður. Gott verð.

GeoPlank

Seljabót 7 Grindavík • sími 426 7800 • www.geoplank.is

GÍTARINN ehf.

Stórhöfða 27 • 110 Reykjavík • Sími: 552-2125
gitarinn@gitarinn.is • http://www.gitarinn.is

Þjóðlagagítar m/pick-up

Poki, ól, stilliflauta, gítarnögl

kr. 17.900,-

OFURTILBOÐ!
Trommusett með öllu
kr. 49.900,-

Þjóðlagagítar
Poki, ól, stilliflauta, gítarnögl
kr. 14.900,-

Opið: Mán.-Fös. kl. 10-18 • Lau. kl. 11-16

birta

SJÓNVARPSDAGSKRÁ VIKUNNAR »

1.490

~~2.190~~

Jotun Pallaolía
Pallaolía
7049123/33/37

Jotun Pallaolía
...frábært verð

HÚSASMIÐJAN
...ekkert mál



Katrín á góðar minningar úr Langholtsskóla og þykir alltaf jafn vænt um gamla skólann sinn.

Hrifin af húsum sem eru bara hús

Katrín Jakobsdóttir, varafor- maður vinstri grænna, er íhalds- sóm þegar kemur að húsum. Henni þykir gömul hús fallegust og þykir vænst um gamla skóla- húsið við Langholtsskóla.

„Þetta hús hefur bæði fagurfræðilegt og tilfinningalegt gildi fyrir mig. Þetta er fallegt, gamalt hús og svo þykir mér vænt um það vegna þess að þetta er gamli skól- inn minn. Ég ólst upp í nágrenni skólans og þótti hann óskaplega merkilegur löngu áður en ég komst á skólaaldur,“ segir Katrín sem á margar góðar minningar frá skólaárunum í Langholtsskóla og segist hafa verið ákaflega þæg- ur og góður nemandi.

Skólinn er ekki lengur fyrir augum Katrínar á hverjum degi en hún segir að henni þyki alltaf jafn vænt um að sjá hann þegar hún keyri framhjá. „Í fyrra kom ég inn í skólann í fyrsta skipti í langan tíma og varð dálítið hissa á því hvað allt var lítið. Þegar maður er bara sex ára finnst manni allt svo stórt og ég man hvað mér fannst skólinn stór og virðulegur. Þarna var líka ísbjarnarstyttan sem er risastór í minningunni en reyndist eiginlega bara vera lítil og krúttleg þegar ég sá hana aftur.“

Katrín segist vera íhaldssóm þegar kemur að húsum og henni þykir gömul hús yfirleitt fallegri en þau nýrri. „Ég er algjör plebbi hvað þetta varðar og arkitektar hafa ábyggilega óbeitt á fólki eins

og mér. Ég er mjög hrifin af húsum sem eru bara hús. Með fallegar hurðir og glugga og ekkert óþarfa dót. Þess vegna þykir mér Langholtsskólinn fallegur. Þar eru litlar rúður í hurðunum og allt svona gamalt og fallegt. Anddyrið er líka mjög virðulegt og minnir á gamla tíma.“

Í gegnum tíðina hefur nokkrum sinnum verið byggt við Langholtsskóla og Katrín viðurkennir að henni þyki gamla skólabyggingin enn þá fallegust. „Það er ný búið að byggja við skólann og mér þykir sú viðbót ekki nógu falleg þótt maður venjist henni líklega. Viðbyggingarnar hafa líka gildi í sjálfu sér og sýna vel sinn tíma.“ segir Katrín.

thorgunnur@frettabladid.is

Draumahúsið smíðað í bók

ÚRKLIPPUBÓK MEÐ HUGMYNDUM GETUR VERIÐ SKEMMTILEG OG GAGNLEG.

Allir eiga sér draumhús og hafa hugmyndir um hvernig þeir vilja hafa hlutina í kringum sig. Ef til stendur að láta drauminn rætast og eignast húsið eða smíða það er tilvalið að safna saman í úrklippubók hugmyndum að húsinu. Þegar flett er í gegnum tímarit, bæklinga eða blöð og maður rektst á eitthvað sem heillar er ráð að klippa það út og setja í bókina, því oftast en ekki gleymir maður hlutunum jafnóðum. Einnig er hægt að

punkta niður hugmyndir um leið og þær koma í hugann, eða líma inn litaspjöld úr málningarvöruslunum. Aftast í bók- in er svo hægt að safna símanúmerum hjá góðum iðnaðarmönnum sem gott væri að fá í verkið. Með tímanum getur bókinn orðið stór- glæsileg og gaman að fletta í gegnum hana þó svo maður eignist aldrei draumahúsið, og hugmyndirnar geta nýst manni samt sem áður.



MINND GETTY

Sniðugt er að raða úrklippum úr tímaritum saman í eina bók.



Höldum tekkhús- gögnum sínum

TEKKHÚSGÖGN SEM NOTUÐ ERU ÚTI VIÐ ÞARF AÐ OLÍUBERA HAUST OG VOR OG ÞÁ ENDAST ÞAU LÍKA VEL.

Hér koma nokkur góð ráð til að halda tekkhúsgögnum í fínu formi.

1. Í byrjun á að þrifa húsgögnin með tusku vættri í terpentínu til að ná í burt öllu finu ryki.
2. Blandið Ronseal Furniture Stain olíu og terpentínu saman í hlutföllun- um 70/30, (meiri olía en terpentína).
3. Berið á eina umferð með pensli og strjúkið síðan af með klút eftir ca 15 mínútur þannig að engir taumar myndist. Látið þorna vel og eftir tvo til þrjá tíma skal strjúka yfir borð og stóla með klút sem hefur verið bleyttur í olíu en passa samt að hann sé ekki of rakur.

Sniðugir hlutir í sumarbústaðinn

Það þarf ekki að kosta fúlgu fjár að innrétta og lífga upp á sumarbústaðinn eða skella sér út úr bænum í sumar í skemmtilega útilegu.

Nú er sumarið svo sannarlega komið og helgi eftir helgi brunar fólk út úr bænum til að komast í sveitasælu og ró. Sumarbústaðaeign Íslendinga hefur margfaldast á síðustu árum og fleiri og fleiri kjósa að skipta út tjaldinu fyrir fokhelt húsnæði með öllum helstu nútímabægindum innanborðs.

Í lágvörðverðsversluninni Europris er svo sannarlega hægt að finna ýmislegt sniðugt í bústaðinn á afskaplega viðráðanlegu verði. Þar er hægt að innrétta sumarbústaðinn frá A til Ö og einnig finna allt sem þarf í útileguna í sumar.

Fréttablaðið kíkti í heimsókn í Europris og komst að því að það þarf alls ekki að vera dýrt að búa sig undir ferðalög í sumar.

ljaja@frettabladid.is

Stóll 695 kr. Stóllinn er hægt að fella saman og setja í tösku sem hægt er að bera á öxlinni.



Púði í sófann 795 kr.



30 þvottaklemmur í poka 149 kr. Þvottasnúra 149 kr.



Sæt dýramotta í anddyri 895 kr.



Vasaljós, þarfapungur í alla bústaði 589 kr.



Flott steinljós í garðinn 4.485 kr.



Reykskynjari 695 kr.

Yfirbreiðsla sem þolir hvaða veður sem er 169 kr.



Ferðataeki með geislaspilara og útvarpi 3.490 kr.



0,5 lítra hitabúsi 990 kr. Einnig til 1 lítra.



Ferðaprímus 2.950 kr.



Málin leyst með málningu

Það þarf ekki að vera flókið mál að fríska upp á eldhúsið án þess að henda eldhúsinnréttingunni.

Gömul eldhús sem eru orðin lúin og þreytt eru oft eigendum sínum til ama, en að ráðast í það stórvirki að skipta út eldhúsinnréttingu getur verið mjög kostnaðarsamt og ekki á allra færi. Málning er ódýr og einföld lausn til að breyta útliti og ásýnd eldhússins og um að gera að leika sér með liti því mjög einfalt er að mála aftur þegar maður fær leið á litnum.

Vegg í eldhúsi og innréttingu þarf að þrifa vel áður en málað er,

þar sem fita og óhreinindi geta eyðilaggt málninguna. Hægt er að fá sérstök efni til að þrifa vegginn í málningavörðslun en pottasvampur, bursti og sápuvatn duga oftast best.

En það er ekki bara hægt að mála innréttinguna sjálfa og veggina, heldur er líka hægt að mála gólf, glugga og hillur og með falllegri litasamsetningu getur eldhúsið orðið nýttískulegt og smart. ■



Fyrir: Hér eru korkflísar á milli skápa og eldhúsið litlaust og flatneskjulegt.



Eftir: Eldhúsinnréttingin verður skarpari og það myndast dýpt í eldhúsinu.



Fyrir: Korkurinn yfir eldavélinni er orðin mislitur.



Eftir: Veggurinn er mun snyrtilegri eftir málun.



Alvöru gasgrill

Ryðfrítt alvöru gasgrill - engar málamiðlanir!



gasgrillið fæst hjá

ECC Skúlagötu 63 - Sími 511 1001 - Opið 10-18



Tilboðsdagar
20-27. júní
Rýmum fyrir
nýjum vörum.
Ýmisleg tilboð í gangi.



Skeifan 3A - 108
Reykjavík
Sími: 517 3600
Fax: 517 3604 -
mylogo@mmedia.is



Gull- og silfurdagar í júní!
Allt að 40% afsláttur á silfri, silfur- og gullhúðuðum munum og annari málmvöru

AMMA RUTH

Skipasund 82, 104 Reykjavík – s. 552 6255
www.ammarruth.is • Opíð virka daga 14-18



Gleðifréttir frá Gleðistofu Íslands
Laugardaga kl. 11:30
og alla virka daga kl. 11:30, 16:30 og 21:30

Keramík fyrir alla

Sumarnámskeið



Ennþá laust á vinsælu barnanámskeiðin.

Ein vika, allt innifalið kr. 8900.-
Bókið núna.

Keramík fyrir alla
sími 552 2882, Laugavegi 48b.
Sjá lýsingu: www.keramik.is

VELFAC

Gluggar
10 ára ábyrgð

formaco

Fossaleyni 8 · 112 Reykjavík
Sími 577 2050 · www.formaco.is

Fyrst þú ert að lesa þetta þá hefur þú örugglega fengið Fréttablaðið í morgun, og þarft sennilega ekkert að hringja í síma 550 5000 til að láta vita að þú hafir ekki fengið neitt blað í morgun.

En ef þú þekkir einhvern sem hefur **ekki fengið Fréttablaðið**, biddu hann endilega um að láta okkur vita, því annars er þessi auglýsing alveg gjörsamlega tilgangslaus.

NÚMERIÐ SEM ÉG ÆTLA AÐ HRINGJA Í EF FRÉTTABLAÐIÐ KEMUR EKKI:

550 500

FRÉTTABLAÐIÐ

Hótel Valhöll í nýjum búningi

Þjóðgarðurinn á Þingvöllum er garðurinn okkar allra og er nú meira að segja kominn á heimsminjaskrá. Það hefur því verið Þingvallaelskendum mikil raun að sjá Hótel Valhöll drabbast niður eins og raunin hefur orðið undanfarin ár.

Nú hefur birt yfir Valhöll því þar hafa nýir rekstraradilar tekið við stjórninni. Það eru þau hjónin Kristbjörg Kristinsdóttir og Agnar Róbertsson, sem undanfarnar vikur hafa lagt nótt við dag til að gera Hótel Valhöll að því menningarsetri sem hæfir húsinu og umhverfinu. Þau hafa rífið út fúnar spýtur, lagt ný gólfefni, málað allt hátt og lágt og skreytt hótelið á látlausan og stílhreinan hátt, þar sem gömlu og nýju er blandað saman af smekkvísi.

Kristbjörg og Agnar eru hrossabændur í Hrunamannahreppi, en hafa samhliða búskapnum séð um rekstur á Hótel Borg undanfarnar þrjú ár. Þau dreymdi þó alltaf um að reka sveitahótel og þegar Kristbjörg rakst á auglýsingu um rekstur Valhallar kom ekki annað til greina en að sækja um.

„Ég er ekki viss um að ég trúi á tilviljanir lengur,“ segir Kristbjörg brosandí þar sem hún stendur á kafi í kössum og tínir upp fallega muni sem munu prýða hótelið. „Ég hef yfirleitt ekki mikinn tíma til að lesa blöð en ég var með veikt barn heima einn daginn í vetur og fletti einmitt Mogganum þegar hótelið var auglýst. Við útfylltum pappír, skiluðum inn og urðum fyrir valinu. Við fengum svo afhent 28. apríl síðastliðinn, sem er afmælisdagurinn minn. Ég á margar góðar minningar tengdar þessum degi og fannst því sérlega ljúft að taka við lyklunum þá. Þegar mamma fór svo að taka til þennan fyrsta dag okkar í Valhöll rakst hún á gamalt gulnað blað í einum skápnum. Það reyndist vera Þjóðviljinn og dagsetningin var einmitt 28. apríl 1964, fæðingardagurinn og fæðingarárið mitt. Þetta þótti okkur gott teikn,“ segir Kristbjörg, sem að sjálfsgöðu passar blaðið eins og sjáaldur auga síns og ætla að ramma það inn.


Kristbjörg og Agnar hafa miklar áætlanir um Hótel Valhöll og hafa nú þegar með hjálp ættingja og vina tekið veitingasalina í gegn og öll herbergi á efri hæðinni. Þá prýða ný húsgögn allt húsið og á baðherbergjum eru ný tæki. Á veggjum verður hægt að skoða sögu Þingvalla í máli og myndum. Í framtíðinni er gert ráð fyrir stækkun herbergja á neðri hæð og að útgengt verði í garðinn úr herbergjunum. Þá er fyrirhugað að setja upp heita potta fyrir hótalgæsti, en hótelið verður opið árið um kring.

Valhöll var opnuð formlega 17. júní.

edda@frettabladid.is



Hjónin Kristbjörg Kristinsdóttir og Agnar Róbertsson hafa lagt sig fram um að fanga hinn sanna anda hússins.



Þingvellir eru stolt okkar allra og eftirsóknarvert að geta komið þar við og notið góðrar þjónustu á Hótel Valhöll.



Setustofur eru fallegar og stílhreinar, en húsgögn eru öll frá Öndvegi.



Veitingasalirnir eru glæsilegir eftir breytinguna.



Baðherbergin hafa tekið stökkbreytingum og eru sérlega falleg. Hugað hefur verið að hverju smáatriði og blandað saman gömlu og nýju.



Þetta var útsýni Bítisins Pauls McCartneys þegar hann gisti á Valhöll forðum.



Herbergin eru lítil en björt og kósí eftir endurnýjunina. Ný rúm og sængurfatnaður eru á öllu hótelinu.

Undirlagið skiptir miklu máli

Margir kjósa að leggja parket sjálfir í stað þess að fá fagmenn í verkið. Hér eru nokkur góð ráð sem vert er að hafa í huga áður en hafist er handa.

Áður en byrjað er þarf að hreinsa gólfið af öllum múrögnum og ójöfnum, einnig þarf að ganga úr skugga um að gólfið sé hreint og þurrt. Því næst er undirlaginu rúllað yfir gólfið og sniðið í rétta stærð. Undirlagið dempar hljóð við umgang á parketinu og er nauðsynlegur grunnur fyrir parketið.

Þegar byrjað er að leggja sjálft parketið er fyrsta borðið lagt með raufina upp við vegg. Skoða þarf hvert borð vel og vandlega og setja þarf fleyga milli veggjar og fyrsta borðs. Þá myndast örlítið bil meðfram veggnum og parketið hefur þannig möguleika á að hreyfast. Þetta bil er svo falið með gólflistum þegar þar að kemur. Nauðsynlegt er að hafa átta millimetra bil upp við vegginn allan hringinn.

Þegar fyrstu þrjú borðin hafa verið límd saman er sá fleki látinn standa í klukkustund svo límið nái að þorna. Því næst er klárað að líma það sem eftir er. Að lögn lokinni er límið látið þorna í um sex klukkustundir áður en fleygarnir upp við veggina eru fjarlægðir.



Það er margt sem þarf að huga að ætli maður að leggja parket sjálfur.

Best að fá fagmenn í verkið

Þegar garðar eru úðaðir með efnun til að vinna bug á skordýrum er vissara að fara að öllu með gát. Efnin eru hættuleg og þeir sem ekki kunna til verka geta hæglega valdið skaða.

Tími skordýranna er runninn upp og eflaust einhverjir farnir að huga að því að eitra í garðinum sínum. Ef garðeigendur fá einhvern utanaðkomandi til að úða skal gæta þess að sá sem úðar hafi til þess fullgild réttindi. Hægt er að ganga úr skugga um það með því að biðja um framvísun leyfisskráteis frá Umhverfisstofnun sem öllum er skylt að hafa sem stunda úðun í atvinnuskyni.

Elín Gunnhildur Guðmundsdóttir hjá Umhverfisstofnun segir mikilvægt að neytendur gæti að sér. Borið hafi á því að

aðilar sem ekki kunna nægilega vel til verka taki að sér að úða garða og það getur gert meira ógagn en gagn.

„Það getur hver sem er keypt skaðlítill varnarefni út í búð til að nota í sínum eigin garði. Ætli maður hins vegar að fara út í atvinnurekstur af þessu tagi verður maður að hafa til þess tilskylda menntun sem hægt er að afla sér í Garðyrkjuskóla ríkisins eða á námskeiði um meðferð varnarefna. Vinnueftirlit ríkisins þarf líka að fara yfir allan búnað og hann þarf að standast vissar kröfur,“ segir Elín.

Elín segir að margir úði sjálfir með hættuminni efnun. Ekki er mælt sérstaklega með því og skynsamlegt þykir að fá fagmenn í verkið þegar hættuleg efni eru notuð. Þegar úðað er þarf að hafa ýmislegt í huga og mikilvægt er að fylgjast með veðrinu. Það gerir til dæmis lítið gagn að úða í rigningu og eins er ekki skynsamlegt að úða þegar hvasst er úti.

Þú mátt úða með varnarefnum í þínum eigin garði en ætli maður að hafa atvinnu af slíku er nauðsynlegt að hafa réttindi frá Umhverfisstofnun.



Gamall skápur getur öðlast nýtt líf í skúrnum og geymt garðáhöldin.

Allt á sínum stað

GAMALL SKÁPUR ÖÐLAST NÝTT LÍF.

Í stað þess að henda gamla skápnun þeirra ömmu og afa er tilvalið að koma honum fyrir úti í skúr og nota hann til að geyma garðáhöldin. Áður en hlutunum er komið fyrir inn í honum er ráð að lakka hann að innan ef þörf þykir og jafnvel koma fyrir plastmottum í hillurnar sem auðvelt er að þrifa. Garðáhöldunum geta fylgt ýmis óhreinindi og því er mikilvægt að auðvelt sé að þrifa skápinn svo sveppur og mygla nái ekki að dafna í skúmasketum hans. Smærri áhöld ættu að vera í efri hillunum þar sem auðvelt er að ná til þeirra, en garðslangan getur verið í kórðu í neðstu hillunni. Tilvalið er að koma snögum fyrir á hliðinni á skápun að utan þar sem mögulegt er henga upp skóflur og hrifur. Næsta sumar verður lítið mál að ganga að öllu vísu í skápnun, auk þess sem skúrinn eða geymslan verður mun snyrtilegri.

Hvernig á að mála hurð

EF VANDAÐ ER TIL VERKS VERÐUR ÚTKOMAN GÓÐ.

Ljótur hurðir geta verið lyti á annars fallegu heimili og ágætt að mála þær eða lakka reglulega.

1. Taktu hurðarhúnninn af eða límdu yfir hann með málningarlímbandi.
2. Taktu hurðina af hjörum og leggðu hana yfir tvo búkka eða á borð. Hægt er að mála hurðina á hjörum en útkoman er ekki eins góð.




Vel máluð hurð er heimilinu til þrýðis.

3. Sléttaðu misjöfnur með sandpappír og fylltu í holur með sparsli.
 4. Málaðu tvær til þrjár umferðir af glansandi málningu. Matta málningu er erfitt að þrifa.
 5. Málaðu með pensli, því málningarúlla gefur ójafnari áferð.
- Ath. Taktu málningarlímbandið af hurðarhúnninum áður en málningin þornar. Ef það er tekið eftir að hún er þurr, getur það rífið upp málningu og myndað bletti.

Málaðu hurðina að ofan og neðan þótt það sjáist ekki. Þetta á sérstaklega við um útidyrhurðir til að vernda þær fyrir raka og mygla.

Eitt líf – njótum þess



Heilsu og hægindadagar Tilboðin í fullum gangi!

Mesta úrval landsins af stillanlegum rúmunum - komdu og finndu þitt rúm

Fjöldi tilboða á stillanlegum rúmunum!



Amerískir gaflar með hönnun í takt við tímann

King 193x203 cm. Cal. King 183x213 cm. Gafl Botn Lappir Dýna AÐEINS KR 162.900,-		Queen 152x203 cm. Gafl Botn Lappir Dýna AÐEINS KR 134.900,-
--	--	--

THE NeverTurn MATTRESS

www.design.is @ 2005



15 sekúndur

Áttu von á gestum? Glæsilegur sýningarsalur okkar er fullur af nýjum svefnsófum – NÚ Á TILBOÐI!

Ekki missa af þessu!!!



Faxafeni 5 • Reykjavík • Sími 588 8477
 betrabak@betrabak.is • www.betrabak.is
 Opíð virka daga frá kl. 10-18
 Lokað á laugardögum í júní og júlí

NETHÚS

FASTEIGNASALA

Opnunartími: mán-fim 9-17 / föst 9-16

AÐEINS
1%
SÖLUPÓKNUN

-Þín sala þinn sparnaður



Bæjarlind 6 • 201 Kópavogur • Sími: 575 8800 • Fax: 575 8801 • www.nethus.is

Elin D. W. Guðmundsdóttir
Löggiltur fasteignasali

Halldór Jenson
Sölustjóri

Helgi Þorsteinsson
Söluábyrgingarmann

2ja herbergja

Goðaborgir 112 Rvk

Nethús kynna fallega og rúmgóða 2ja herbergja íbúð með sérinnangi við Goðaborgir Grafarvogi. Eldhús er opið inn í stofu. Badherbergi með sturtuklefa og tengi fyrir þvottavél. Húsið var málað árið 2003 og lítur vel út að utan. Stutt í alla þjónustu.



Verð 15.2 millj

Einbýlishús

Fjarðarás 110 Rek

Glæsilegt 258,2 fm einbýlishús með innbyggðum bílskúr að Fjarðarás í Reykjavík. Þetta er mjög bjart og glæsilegt vel um gengið hús með fallegum garði. Stutt í skóla, leikskóla, sundlaug og alla almenna þjónustu.



Ásett verð: 46.900.000 kr.

3 herbergja

Skólagerði 35

Vorum að fá í einkasölu 3ja herbergja íbúð á eftirsóttum stað við Skólagerði í Kópavoginum. Eldhús er perketlagt ásamt ágætri innréttingu. Stofa með svölum til suðurs.



Verð 13.900.000-

3-4ra herbergja

Rjúpnasalur 201 Kóp

Glæsileg 3ja til 4ra herbergja 110,4 fm íbúð á 4. hæð í lyftuhúsi auk staðis í bílgeymslu í nýlegu fjölbýlishúsi með lyftu í Rjúpnasölum. Falleg gólfefni og innréttingar, glæsilegt útsýni, frábær staðsetning.



Ásett verð: 26.500.000 kr.

Sérbylí

Miðtún, Sandgerði



Gott 237,6 fm einbýlishús auk 27, 9 fm bílskúrs í Sandgerði. Húsið er kandískt timbureiningahús á einni hæð auk þess sem steyptur kjallari er undir helmingi hússins. Ásett verð:

27.000.000 kr.

4ra til 5 herbergja

Engihjalli 3



Mjög góð 4ra herb. 93 fm íbúð að Engihjalla í Kópavogi. Íbúðin er vel skipulögð og nýl. máluð. Stórar suðurvalir með fallegu útsýni. Ásett verð:

15.900.000 kr.

5 herbergja

Dvergabakki - 109 Rvk



Virkil. góð 92,3 fm 5herb íbúð að Dvergabakka. Á hæðinni eru 3 svefnherb. og 1 í kjallara. Húsið hefur verið tekið í gegn nýl. og lítur mjög vel út.

16,200,00

3ja-4ra herbergja

Dalsel - 109 Rvík



Mjög góð 3 -4ra herbergja 125,3 fm íbúð á 1. hæð auk staðis í bílskúli að Dalseli í Reykjavík. Húsið klætt með viðhaldslitilli klæðningu. Falleg eign í barnvænu umhverfi. Ásett verð:

17.500.000 kr.

3ja herbergja

Austurbrún 104 Rvk



Falleg mikið endurnýjuð 3ja herb. 96,5 fm íbúð á jarðhæð. Merbo parket á gólfum og hurðar eru úr kirsu-berjavið. Ásett verð:

16.900.000- kr.

3ja herbergja

Skeljatangi 35



LAUS VIÐ KAUPSAMNING. Mjög góð 3ja herb. 84,2 fm íbúð á efri hæð með sér inng. að Skeljatanga í Mosfellsbæ. Risloft yfir allri íbúðinni. Falleg lóð í kringum húsið. Ásett verð:

16.900.000 kr

3-4ra herbergja

Njarðargrund Garðab



Mjög góð töluvert endurnýjuð 48,6 fm 3ja herbergja risibúð. Íbúðin er stærri að gólfleti þar sem hún er töluvert undir súð. Rúmgóð svefnherbergi ásamt stóru geymslurými. Ásett verð:

12,900,000kr.

2ja herbergja

Hraunbær 110 Rek



Góð 2ja herbergja 54,3 fm íbúð á 2. hæð ásamt 4,2 fm geymsla og 8,2 fmr herbergi í kjallara sem hentar vel til útleigu í Hraunbænum. Rúmgóð stofa með parketi. Verð

11.9 millj

3 herbergja

Hafnargata - 230 Kef.



Um er að ræða 3ja her. 77,5 fm mikið endurnýjaða sérhæð að Hafnargötu í Keflavík. Upptekinn loft, nýlegar innréttingar, parket og flisar á gólfum. Glæsil. eign á góðum stað. Ásett verð:

9.900.000 kr.

3ra herbergja

260 Reykjanesbær



Heimilisfang: Fífumói
Stærð: 73,1fm.
Brunab.mat: 8,9 millj.
Bygg.ár: 1980
Verð:

7.9 millj.

3ja herbergja

Seljabraut 109 Rek



Góð 3ja herb. 64,8 fm íbúð á 4. hæða ásamt 30,2 fm staði í bilageymslu í góðu fjölbýli sem býið er að klæða að utan. Glæsilegt útsýni. Verð

15.900.00

2ja herbergja

Dalsel 109 Rek



Mjög falleg mikið endurnýjuð 2ja herb. íbúð á frábærum stað í Seljahverfi. Ný eldhúsinrétting, flisar á baði. Búðin er að klæða húsið á 3 vegu. Góð eign sem er laus við kaupsamning. Verð

10.5 millj.

2ja-3ja herbergja

Austurberg 111 Rvk



Góð 2ja-3ja herb. 74,6 fm íbúð á 2. hæð með séring. Íbúðin skiptist í forstofu, forstofuherb., hol, rúmgott svefnherb., stofu, eldhús og badherb. Suður svalir m. miklu útsýni.

14,000,000

2ja herbergja

Mánagata 105 Rvk



Mikið endurnýjuð 2ja herbergja íbúð á efri hæð í tvíbýlishúsi á þessu frábæra stað. Nýtt parket á stofu og herbergi. Fallegur garður.

13.900.000

Sumarhúsalóð

Biskupstungur



Lóðin er um 0,5 hektari og að henni liggur vegur og stofnagnir fyrir heitt og kalt vatn. Örstutt er í Reykholt þar sem er að finna helstu þjónustu svo eins og litla matvöruverslun, sundlaug, veitingastað ofl.

Eignir óskast

Seljendur fasteigna

ATHUGIÐ

Vegna mikillar sölu undanfarið vantar okkur allar gerðir eigna til sölu meðferðar. Við bjóðum viðskiptavinum okkar úrvalsþjónustu gegn aðeins 1% sölupóknun



575 8800

Það þarf ekki að vera dýrt...
...að selja fasteign!

AÐEINS
1%
SÖLUPÓKNUN

Þetta er innifalið í okkar sölupóknun:

Eftirfarandi dæmi sýna hvað það kostar að selja hjá Nethúsum. Aðeins 1% sölupóknun frá 14 milljón króna eign

- ▶ Skoðun
- ▶ Myndataka
- ▶ Verðmat
- ▶ Skráning
- ▶ Auglýsing á netinu
- ▶ Aðgangur að gagnvirkri heimasíðu
- ▶ Kauptilboðsgerð
- ▶ Samningsgerð
- ▶ Afsalsgerð
- ▶ Persónuleg, traust og fagleg þjónusta

	Verð	Sölupóknun	Gagnaöflun	Vsk.	Samtals
Háskólanemi í laganámi óskar eftir sumavinnu. Flest kemur til greina. Sími 897 7372.

Atvinnumiðlun býður upp á hæft starfsfólk frá Lettlandi: byggingarmenn, Au-pair o.fl. S. 845 7158.

TILKYNNINGAR

Einkamál



atvinna o.fl.

Á SUNNUDÖGUM

- ✓ Atvinnuauglýsingar sem fara inn á 75% heimila landsins
- ✓ Auglýsingasíminn er 550 5000
- ✓ auglysingar@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ

ÞÚ HEYRIR ÞAÐ STRAX

Talstöðin færir þér fréttir oftár á sólarhring en nokkur önnur íslensk útvarpsstöð.



Talstöðin
FM 90,9

Móttaka flóttafólks

Leitum eftir sjálfboðaliðum og húsbúnaði!

Sjálfboðaliðar
Reykjavíkureiðil óskar eftir sjálfboðaliðum til starfa vegna komu flóttafólks í ágúst. Helstu verkefni sjálfboðaliða verða:

- * **Undirbúningur:** Vinna í lagerhúsnæði, standsetning á íbúðum, flokkun fatnaðar
- * **Stuðningsfjölskyldur:** Hlutverk stuðningsfjölskyldu er að mynda vináttutengsl og vera eins konar tengiliður hennar við samfélagið og mannlíf á aðlögunartímanum.

Áhugasamir hafi samband við Sjálfboðamiðstöð í síma 5450400.

Húsbúnaður
Einnig er óskað eftir húsbúnaði fyrir flóttafólkið. Nánari upplýsingar í síma 5450400.



Fyrst þú ert að lesa þetta þá hefur þú örugglega fengið Fréttablaðið í morgun, og þarft sennilega ekkert að hringja í síma 550 5000 til að láta vita að þú hafir ekki fengið neitt blað í morgun.

En ef þú þekkir einhvern sem hefur **ekki fengið Fréttablaðið**, biddu hann endilega um að láta okkur vita, því annars er þessi auglýsing alveg gjörsamlega tilganglaus.

NÚMERIÐ SEM ÉG
ÆTLA AÐ HRINGJA
Í EF FRÉTTABLAÐIÐ
KEMUR EKKI: **550 500**


FRÉTTABLAÐIÐ

tíska o.fl.

SAMANBURÐUR VIÐ AÐRA MIÐLA

[KONUR 18-49 ÁRA Á ÖLLU LANDINU]

LESTUR/ÁHORF: NOKKUR DÆMI ÚR NÝRRI GALLUP KÖNNUN *



*Upplýsingarnar í þessari auglýsingu eru fengnar úr nýafstaðinni fjölmiðlakönnun Gallup í október s.l.

Lesendur „Allts“ er fólk með áhuga á efni hverrar opnu og **eru auglýsingarnar eðlilegur hluti lesefnisins og ein af ástæðum þess að þeir staldra við.**

Það er með öðrum orðum, vel skilgreindur og áhugasamur hópur, sem skoðar t.d. þessa auglýsingu.

Á opnunni „Tíska og fleira“ fimmtudaginn 28. október voru **10 auglýsingar**. 56% kvenna á aldrinum 18-49 ára eða **34.555** konur skoðuðu opnuna og gátu veitt hverri auglýsingu athygli eftir áhuga og eins lengi og þær vildu.

Til samanburðar voru **53 auglýsingar** í Innlit Útlit á SkjáEinum þriðjudaginn 26. október. Þær fengu áhorf 37% sama hóps eða **23.025** konur og höfðu þær að meðaltali 14 sek. til að horfa á hverja auglýsingu.

Grunnhugmyndin á bak við „Allt“ er að flokka auglýsingar og staðsetja í lefni sem vekur áhuga þeirra sem auglýsandinn vill ná til. „Allt“ er löngu tímabær og áhugaverður valkostur á íslenskum auglýsingamarkaði.

Hafið samband við auglýsingadeild „Allts“ Síminn er 550-5000

allt
- markvissar auglýsingar -

birta

FRÁBER SJÓNVARPSDAGSKRÁ ALLA DAGA

FÖSTUDAGUR

LAUGARDAGUR

SUNNUDAGUR

MÁNUDAGUR


ÞRIÐJUDAGUR

MIÐVIKUDAGUR

FIMMTUDAGUR

birta

SELDAR EIGNIR Á AKUREYRI*



*Þinglýstir kaupsamningar, heimild: Fasteignamat ríkisins.

Kirkja Óháða safnaðarins

Kirkja Óháða safnaðarins stendur á horni Stakkliðar og Háteigsvegar. Hún var vígð 1959 og fyrsti prestur hennar var sr. Emil Jónsson. Gunnar Hansson arkitekt teiknaði kirkjuna sem rúmar 140 manns í sal og 30 á svölum. Safnaðarheimilið Kirkjubær er tveggja hæða og þar eru sæti fyrir 55 manns á hvorri hæð. Skírnarfonturinn er eftir listamanninn Ásmund Sveinsson og altaristaflan eftir Jóhann Briem. Prestur Óháða safnaðarins er sr. Pétur Þorsteinsson og organísti er Ungverjinn Peter Máté. Næsta messa er 26. júní kl. 11. Það er „gúllasmessa“ því organistinn býður kirkjugestum ungverska gúllassúpu með kryddum „frá mömmu“ að lokinni guðsþjónustu.



? SPURNING VIKUNNAR á fasteignavef Vísis

Hefurðu endurfjármagnað lán vegna íbúðar-kaupa á þessu ári?

SPURNING SIÐUSTU VIKU: Leggurðu upp úr því að hafa bíl-skúr?

Já	79,3%
Nei	20,7%

Merk hús í bænum



Kjarvalsstaðir

Borgarráð gaf Félagi íslenskra myndlistarmanna fyrirheit um byggingu sýningarskála á Miklatúni árið 1964. Borgarstjórn samþykkti ári seinna að reisa myndlistarhús til heiðurs Kjarval, sem þá varð áttæður, og hafði félag íslenskra myndlistarmanna þegar fengið Hannes Kr. Davíðsson arkitekt til að teikna sýningarskála. Tillaga Hannesar hlaut náð fyrir borgarstjórn, þó með óskum um ákveðnar breytingar. Húsinu er skipt í þrjár álmur sem umlykja miðjugarð. Austan- og vestanvert við garðinn eru sýningarsalirnir en álman sem snýr að Flólagötu hýsir skrifstofur safnsins.



Kirkja óháða safnaðarins

Kirkjan er meðal fyrstu óhefðbundinna kirkjubygginga hér á landi og er teiknuð að Gunnari Hanssyni arkitekt. Hrein, einföld form eru ríkjandi og gefa kirkjunni nútímalegt yfirbragð. Henni er skipt í þrjá byggingahluta og er einn þeirra áberandi stærstur með nokkuð háum klukkuturni. Veggir þessa hluta eru að mestu leyti stórir, lokaði fletir sem brotnir eru upp með mismunandi gluggagerðum. Þannig berst dagsbirta inn í kirkjurýmið úr þremur áttum.



Fjöltækniskóli Íslands

Arkitektunum Sigurði Guðmundssyni og Eiríki Einarssyni voru falin hönnun nýs sjómanskóla í Reykjavík árið 1942 eftir að efnt hafði verið til samkeppni um hönnun hans. Staðsetning skólans efst í holtinu og tillaga byggingarnefndar um turn á bygginguna mótuðu mjög gerð hennar. Hún stendur á brún gamallar grjótnámu og truninn teygir sig hátt upp. Saman við þessa rómantísku nálgun arkitektanna blandast mórernismi sem helst kemur fram í taktfastrí gluggaskipan og einstaka útfærslum. Útkoman er tignarleg bygging sem oft er sögð vera síðasta stórvirki steinsteypuklassíkur á Íslandi.

Heimildir úr bókinni Leiðsögn um íslenska byggingarlist.

Ný verzlun í Grafarholti

Allt á einum stað

Opnunartími

OPIÐ VIRKA DAGA	LAUGARDAGA
8-19	9 - 19
	SUNNUDAGA
	10 - 19

Verið velkomin

Opið
alla daga til 19

blómaval
heillandi heimur



HÚSASMÍÐJAN
...ekkert mál

Ísland og flóttamenn

UMRÆÐAN
ALÞJÓÐADAGUR
FLÓTTAFÓLK



ATLI VIDAR THORSTENSEN
VERKEFNASTJÓRI HJÁ RKÍ

Undanfarin ár hefur 20. júní verið tileinkaður þeim milljónum manna, kvenna og barna sem neyðst hafa til að leggjast á flótta frá heimkynnum sínum vegna stríðsátaka og ýmissa ofsókna. Saga hvers flóttamanns er einstök og engar tvær sögur eru nákvæmlega eins. Við sem lifum í tiltölulega öruggu og friðsælu umhverfi eigum erfitt með að gera okkur í hugarlund hvaða aðstæður og ofsóknir flóttafólk er að flýja enda eru flest átök og neyðir fjarri Íslandsströndum og flestum okkar aðeins kunn í gegnum fjölmiðla.

Fjöldi flóttamanna í heiminum

Um áramótin 2004 taldi Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna að um 17 milljónir karla, kvenna og barna hefðu verið hrakin frá heimilum sínum. Það jafngildir um 70 prósentum íbúa Norðurlanda. Flestir flóttamenn leita skjóls í nágrannaríkjum sínum sem eru oft mjög fátæk ríki. Fæstir flóttamenn koma til Evrópu enda leiðin til vesturs oft bæði löng og dýr og í mörgum tilfellum lífshættuleg.

Flóttafólk er ósköp venjulegt fólk sem er oftast fórnarlömb hörmulegra aðstæðna og átaka. Það hefur neyðst til að flýja heimkynni sín, hefur í mörgum tilfellum misst allt sitt og stendur berskjaldað eftir. Eins og annað fólk þá þarf flóttafólkið þak yfir höfuðið, mat og aðhlyningu. Flestir flóttamenn vilja snúa aftur til síns heima en þegar ljóst þykir að sá möguleiki

sé ekki fyrir hendi reynir Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna oft að flytja flóttamennina til búsetu í þriðja landi. Þannig er ástatt um það flóttafólk frá fyrrum Júgóslavíu og Kólumbíu sem ríkisstjórn Íslands hefur boðið að setjast að hér á landi í samvinnu við Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna, Flóttamannaráð og Rauða kross Íslands. Er einkum um að ræða einstæðar konur og börn þeirra, en um 80 prósent flóttamanna í heiminum eru talin vera konur og börn.

Ástandið í fyrrum Júgóslavíu og Kólumbíu

Ástandið í fyrrum Júgóslavíu og Kólumbíu er afar slæmt og ólíkt því sem við eigum að venjast hér á Íslandi. Enda þótt nokkur ár séu liðin frá lokum stríðsátaka í fyrrum Júgóslavíu eru þar enn um hálf milljón karla, kvenna og barna sem hafa enn ekki getað snúið til síns heima. Sum þeirra hafa dvalist í flóttamannabúðum í meira en tíu ár við afar bágar aðstæður og mörg börn eru fædd og uppalin í flóttamannabúðum.

Í Kólumbíu hafa geislað átök í um 40 ár og er landið oft talið vera það hættulegasta í heimi. Auk stríðsátaka er mikil fátækt í landinu, en talið er að um 65 til 70 prósent þjóðarinnar dragi fram lífið langt undir fátækramörkum. Skæruliðahópar eru margir og ráða yfir stórum landssvæðum og herja á íbúa svæða sinna með ýmsum hætti. Um 500 manns neyðast þannig til að yfirgefa heimili sín á hverjum degi vegna átakanna en talið er að um tvær milljónir manna hafi þurft að yfirgefa heimili sín sl. 10 ár vegna átakanna.

Móttaka flóttamanna og Rauði Krossinn

Frá árinu 1956 hafa komið rúmlega 400 flóttamenn til Íslands í boði

ríkisstjórnar Íslands og hefur Rauði kross Íslands aðstoðað við móttöku og aðlögun allra flóttamanna. Einn mikilvægasti þátturinn í starfi Rauða krossins hefur verið að skipuleggja aðstoð við hina nýju íbúa þannig að þeir verði virkir þátttakendur í samfélaginu. Sjálfbodaliðar hafa gefið sig fram og tvær til þrjár fjölskyldur hafa stutt hverja flóttamannafjölskyldu og verið leiðsögumenn hennar inn í hið nýja samfélag. Þetta stuðningsmannakerfi hefur tekist afar vel og vakið verðskuldaða athygli hjá Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna sem hyggst kynna íslenska stuðningsmannakerfið í nágrannaríkjunum.

Árið 2003 tók Akureyrarbær á móti hópi flóttamanna frá Króatíu sem hafði dvalist í flóttamannabúðum í nokkur ár. Akureyrardeild Rauða krossins fékk í lið með sér sjálfbodaliða sem aðstoðuðu flóttamennina með ýmsum hætti við að komast inn í íslenskt samfélag. Gafst þetta fyrirkomulag mjög vel og voru bæði flóttamennirnir og fjölskyldur þeirra mjög ánægð með stuðningsfjölskyldur sínar og sömu sögu er að segja af stuðningsfjölskyldum sem fannst aðstoðin vera mjög gefandi og fróðleg.

Vilt þú aðstoða flóttafólk að aðlagast?


Flóttafólkinu hefur verið boðið að setjast að í Reykjavík. Reykjavík-urdeild Rauða krossins leitar að áhugasömum sjálfbodaliðum til að taka þátt í undirbúningi á komu flóttafólksins til Reykjavíkur í ágúst. Reynslan hefur sýnt að um mjög gefandi sjálfbodaliðastarf er að ræða, bæði fyrir flóttamenn og stuðningsaðila. Upplýsingar og skráning sjálfbodaliða er á skrifstofu Reykjavíkurdeildar Rauða krossins í síma 545 0400.

Höfundur er verkefnastjóri hjá Rauða krossi Íslands.

BETRI HRINGBRAUT

LOKUN SNORRABRAUTAR VIÐ HRINGBRAUT

19. júní - 8. sept. 2005



Snorrabraut milli Eiríkgötu og Hringbrautar verður lokuð 19. júní - 8. sept. 2005 vegna framkvæmda við undirgöng undir Snorrabraut.

Beðist er velvirðingar á óþægindum vegna þessara framkvæmda.

Tekið er við ábendingum um það sem betur má fara við framkvæmdina í síma 563 2510. Nánari upplýsingar á www.rvk.is/fs



Reykjavíkurborg
Framkvæmdasvið



Síminn

Glæsilegur Motorola sími

Motorola Razr V3
Einungis fyrir GSM-kort frá Símanum

4.980 Léttaups-
útborgun
og 2.000 kr. á mánuði
í 12 mánuði
Verð aðeins 28.980 kr.

Motorola V3 síminn er ekki bara einstaklega fluttur, þunnur og nettur heldur er hann búinn öllum helstu kostum sem prýða GSM síma í dag.

- Glæsileg hönnun
- Stafræn myndavél (VGA, 640x480)
- Hi-res skjár
- MP3 hringitónar
- Fjögurra banda, (quad band, 850, 900, 1800, 1900 MHz)

Með öllum GSM tilboðum fylgja grúví simalínuskautar á 2.000 kr. Hlífur fylgja með.*
*Tilboð gildir meðan birgðir endast.

2.000 KALL

DR

Sonur Geirs Jóns reyndi að kyrkja hjartveikt gamalmenni

Purfti sprengitöflur eftir kverkatak löngu á Grundarfirði



Þeir þegar aðrir þegja!

BYLGJAN 98,9 KYNNIR: **DURAN DURAN** Í EGILSHÖLL 30. JÚNÍ.

MÍBASALA Í VERSLUNUM: **1011** ...þegar þér heitir

Bylgjan 98.9

HLUSTU Á BYLGJUNA Í JÚNÍ OG ÞÚ GÆTIR UNNIÐ MIÐA Á TÓNLEIKANA

PEPSI

REYKJAVÍK ROCKS 2005

Markleysa Hafrannsóknarstofnunar

UMRÆÐAN
STÆRÐ
ÞORSKSTOFNSINS



GUÐJÓN ARNAR KRISTJÁNSSON
FORMAÐUR FRJÁLISLYNDA FLOKKSINS

Það er með hreinum ólíkindum að lesa og hlusta á málflutning forvarsmanna Hafrannsóknarstofnunar og eftirhermu þeirra, sjálfan sjávarútvegsráðherra, þegar reynt er að matreiða nýjustu skýrslu Hafró sem „vísdom og sannleika“ fyrir þjóðina nú á vordögum 2005. Því er haldið fram að við höfum náð markverðum árangri við verndun, viðhald og uppbyggingu þorskstofnsins með svofelldum orðum í skýrslunni:

„Á síðustu 5 árum hefur viðmiðunarstofninn stækkað og er áætluð stærð hans 760 þús. tonn árið 2005 og 823 þús. tonn (spá) árið 2006. Hrygningarstofninn hefur einnig stækkað umtalsvert og er metinn 262 þús. tonn árið 2005 og hefur hann ekki verið stærri síðan 1981.“

Það er ótrúlegt að megin lýsing á stærð veiðistofns og hrygningarstofns skuli sett fram með þeim hætti að viðmiðunarstofn þorsks fyrir aflareglur hafi stækkað sl. 5 ár og hrygningarstofn einnig stækkað umtalsvert og ekki verið stærri síðan 1981. Þessi framsetning er markleysa. Skoðum söguna og það hvort þessar fullyrðingar fái staðist samanburð við fyrri skýrslur Hafró.

Spár og úttektir Hafró

Látum nægja að skoða það sem af er þessari öld. Í lok síðustu aldar, árið 1999, var veiðistofn þorsks í skýrslu Hafró talinn vera 1.031 þús. tonn og hrygningarstofn 528 þús. tonn. Þar var einnig sett fram spá fyrir árið 2002.

Spáð var að veiðistofn árið 2002 yrði 1.150 þús. tonn og að hrygningarstofn stækkaði í 575 þús. tonn.

Við úttekt í skýrslu Hafró vorið 2002, var stærð veiðistofns minnkað í 680 þús. tonn og hrygningarstofn hafði þá fallið í 285 þús. tonn.

Í skýrslunni vorið 2002 var spáð að árið 2004 yrði veiðistofn 940 þús. tonn og hrygningarstofninn 425 þús. tonn.


Við úttekt í skýrslu vorið 2003 hafði veiðistofn minnkað í 765 þús. tonn og hrygningarstofn fallið í 374 þús. tonn.

Í skýrslu vorið 2003 var spáð fyrir árið 2005 að veiðistofn yrði 868 þús. tonn og hrygningarstofn 492 þús. tonn.

Við úttekt í skýrslu vorið 2005 hafði veiðistofn minnkað í 760 þús. tonn og hrygningarstofn fallið í 262 þús. tonn.

Í skýrslunni nú er spáð að veiðistofn árið 2006 verði 823 þús. tonn og hrygningarstofn 276 þús. tonn.

Hvernig finna menn á Hafró þeim orðum stað að sl. 5 árum hafi veiðistofn stækkað og hrygningarstofn ekki verið stærri síðan 1981? Veiðistofn hefur í raun í öllum tilfellum minnkað og er í litlu samræmi við þær spár sem Hafró byggir framreikninga sína á, eins og meðfylgjandi mynd sýnir:




Svo virðist sem þorskurinn hafi of lítið æti og 4-8 ára þorskur léttist um 13% frá árinu 2002 og 9-10 ára þorskur tapar 20% í meðalþyngd. Mjög líklegt er að þorskstofninn éti sig nú niður með því að sá stærri éti minni þorskinn. Sjálfsát heldur stofnstærð niðri og auk þess er kvótakerfi með okurleiguframsali á óveiddum fiski sérhannað fyrir brottkast. Ef menn reyna að leysa þennan vanda með minni heildarkvóta vex brottkast í þrengri kvótastöðu og

Skýrsla 1999	Skýrsla 2002	Skýrsla 2003	Skýrsla 2005
Úttekt Spá 2002	Úttekt Spá 2004	Úttekt Spá 2005	Úttekt Spá 2006
528 þús 575 þús	285 þús 425 þús	265 þús 492 þús	262 þús 276 þús

hærra leiguverði á aflamarki þorsks og ef ætíð vantar (loðnu) verður afrán á smáfiski meira.

Týndur hrygningarstofn

Lítum þá á hvort hrygningarstofninn sé nú sá stærsti síðan 1981 og hafi stækkað umtalsvert síðastliðin ár.



Hrygningarstofn þorsks hefur minnkað mjög frá því sem spáð var og er þó ekki lítið yfir langt tímabil í þessum samanburði. Hvernig menn setja fram sínar fullyrðingar um að hrygningarstofninn sé sá stærsti frá 1981 vekur undrun mína. Það er auðvitað ljóst að hafrannsóknir á viðgangi og vexti fiskistofna eru ekki stöðug og örugg vísindi. Það sést best á því hvernig miklar breytingar verða á spá sem byggð er á því sem fiskifræðingar vita best á hverjum tíma og síðar á úttekt á líðandi stund. Mér virðist sem nú sé það að gerast í annað sinn á fáum árum að hrygningarstofninn hrynur milli ára frá spá til úttektar, þótt enginn viti í raun hvað er satt og rétt í því mati fiskifræðinga.

Kvótakerfið hefur hingað til engum árangri skilað við uppbyggingu botnfiskistofna. Frá 1990 er ársveiði þorsks aðeins 212 þús. tonn að meðaltali hvert ár, 150 þús. tonnum minni að jafnaði, en hún var 70 ár þar á undan.

Vilji menn halda því fram að við séum í góðum málum og að það sé árangur af kvótakerfinu við afrakstur af þorskstofninum, þá minnir það mjög á söguna af nýju fótum keisarans. Kvótakerfið var sett á 1984 til þess að vernda og byggja upp þorskstofninn og efla með því atvinnu og treysta byggð í landinu. Ólög sem engu skila á að afnema. Það má gera í markvissum skrefum til hagsbóta fyrir fólkið í landinu eins og Frjálslyndi flokkurinn hefur lagt til.

Hinn smurði?

Í meira en þrjátíu ár hefur Hannes Hólmsteinn Gissurarson verið boðberi frjálslyndra viðhorfa á Íslandi. Þeir sem ungir eru í dag munu sjálfsagt margir eiga erfitt með að gera sér grein fyrir því hvernig þjóðfélagsbaráttan var hér á landi fyrir aðeins örfáum árum. Það eru ekki mjög mörg ár síðan Alþýðubandalagið felldi þjóðnýtingu úr stefnuskrá sinni. Það eru ekki nema 20 ár síðan hart var barist um það hvort aðrir en ríkið mættu útvarpa og sjónvarpa. Enginn fulltrúi Samfylkingarflokkanna Alþýðuflokks, Alþýðubandalagsins og Kvinnalistsans studdi frjálst útvarp. Höft og bönn voru á ótal sviðum. Hart var sótt að þeim sem boðuðu frelsi, hvar sem sú baráttan fór fram. Fáir fengu meiri gúsar en Hannes Hólmsteinn Gissurarson og ófár komu frá þeim sem nú eru vinsælir álitsgjafar, sérstakir viskubrunnar um frelsi og lýðræði. andriki.is



Halldór er mennskur

Stofnuninni [Ríkisendurskoðun] var því frjálst að birta sitt álit hverjum þeim sem henni þótti við hæfi og það er ekkert óeðlilegt að forsætisráðherra hafi fengið álitid strax í hendur. Að forsætisráðherra hafi ákveðið að kynna niðurstöðuna um leið er heldur ekki óeðlilegt. Hann hefur mátt sitja undir ósvífnum árásum um að hann hafi hreinlega gefið einhverjum vildarvinum sínum Búnaðarbankann. Sá sem situr undir slíku notar auðvitað fyrsta tækifæri sitt til að verja hendur sínar. Annað væri ekki mannlegt.

Sigurður Eypörsson - timinn.is

Kosningarétti fagnað

Kl.11:30 fórum við mamma af stað á Þingvelli til að taka þátt í dagskránni „Skundum á Þingvöllum“. Kl.13 hófst hátíðardagskrá á Þingvöllum í tilefni af 90 ára kosningarétti kvenna og öðrum mikilvægum áföngum í réttindabaráttu kvenna sem haldið er upp á um þessar mundir. Fyrst var gengið fylktu liði niður Almannaþing. Við Drekkingsrhyll var rós-um fleytt út í ána í minningu kvenanna sem drekkt hafði verið í hylnum á sínum tíma fyrir litlar sem engar sakir. Síðan hélt dagskráin áfram fram eftir degi með ræðuholdum þar sem kvatt var til aukins jafnréttis, dansatriðum, kór-söng og fleira.

Fjöldi hátíðargesta á öllum aldri mætti til að taka þátt í baráttugleðinni

Siv Friðleifsdóttir - siv.is

SENDIÐ OKKUR LÍNU

Við hvetjum lesendur til að senda okkur línu og leggja orð í belg um málefni líðandi stundar. Greinar og bréf skulu vera stutt og gagnorð. Eingöngu er tekið á móti efni sem sent er frá Skoðanasíðunni á visir.is. Þar eru nánari leiðbeiningar. Ritstjórn ákveður hvort efni birtist í Fréttablaðinu eða Vísí eða í báðum miðlum að hluta eða í heild. Áskilinn er réttur til leiðréttinga og til að stytta efni.

Rauði kross Íslands



Móttaka flóttafólks Leitum eftir sjálfbodaliðum og húsbúnaði!

Sjálfbodaliðar

Reykjavíkurreild óskar eftir sjálfbodaliðum til starfa vegna komu flóttafólks í ágúst. Helstu verkefni sjálfbodaliða verða:

- * **Undirbúningur:** Vinna í lagerhúsnæði, standsetning á íbúðum, flokkun fatnaðar
- * **Stuðningsfjölskyldur:** Hlutverk stuðningsfjölskyldu er að mynda vináttutengsl og vera eins konar tengiliður hennar við samfélagið og mannlifið á aðlögunartímanum.

Áhugasamir hafi samband við Sjálfbodamiðstöð í síma 5450400.

Húsbúnaður

Einnig er óskað eftir húsbúnaði fyrir flóttafólkið. Nánari upplýsingar í síma 5450400.

Rauði kross Íslands
Reykjavíkurreild


TILBOÐ

ACER

ACER 9104WLMi 2.0GHz CENTRINO DOTAN 760

SJÓNVARPSKORT

Með þægilegri fjarstýringu sem geymist í PCMCIA rauf tölvunnar þegar hún er ekki í notkun



15.4" CRYSTALBRITE

15.4" Widescreen skjár með nýri CrystalBrite tækni sem skilar ótrúlegri dýpt og skerpu



8xDVD +/- SKRIFARI

Vandaður 8xDVD Dual Layer geislaskrifari sem les og skrifar DVD og venjulega geisladiska



RADEON X600

Eitt nýjasta skjákerfið frá ATI sem gengur á PCI-Express sem skilar sér í meiri afkastagetu og flóttari grafík



TENGINGAR

Hlaðin öllum helstu tengjum FireWire, 3xUSB2, infraréd Bluetooth, TV-út, kortalesara ofl.



ÞYNGD OG RAFHLAÐA

Acer Aspire fartölvun er 2.9kg og með rafhlöðu sem endist í allt að 3 tíma



Örgjörvi	2.0GHz Pentium M Dothan760 Intel Centrino er með 2MB cache
Vinnsluminni	512MB 333MHz DDR Staekkanlegt í 2 GB
Harðdiskur	80GB Ultra ATA100 4200 RPM hraður og hljóðlátur
DVD Skrifari	8xDVD±RW Dual Layer skrifari Skrifar og les DVD og CD diska
Skjár	15.4" WXGA WideScreen skjár Breiðstjaldsskjár með CrystalBrite
Skjákerfi	128MB ATI Radeon X600 Sjálfstætt minni, TV-út og TV-inn
Hátalarar	Hljóðkerfi með 2 hátölurum Hljóðkort, hátalarar og hljóðnemi
Netkort	Gigabit 10/100/1000 Einnig 56K módem innbyggt
Þráðlaust	54Mbps þráðlaust netkort Innbyggt 54Mbps Wireless 802.11g
Stýrikerfi	Windows XP Home Á íslensku eða ensku
Kortalesari	3 in 1 minnis-kortalesari Innbyggður kortalesari fyrir flest kort

VL18
• Samtals kr. 186.223
9.994

VERÐ 179.900

SUPERTURN 3



2500+

- 2500+ AMD Sempron HT
- MSI K7N2GM nForce2 móðurborð
- 512MB DDR400 Corsair minni
- 160GB 7200RPM WD - 8MB
- 128MB GeForce4 skjákerfi
- Dolby Digital 5.1 hljóðkerfi
- 10/100 netkort, 6xUSB2
- Medium 300W turn

VERÐ 37.900

DIGITAL IXUS 40

Canon

- 4 MegaPixla upplausn
- Stór 2" LCD skjár á baki
- Upptaka með hljóði
- 6 mismunandi stillingar
- DIGIC II & iSAPS
- 3x optical szoom
- Aðeins 130 gr.



Þessi 4 MegaPixla myndavél er heillandi blanda af lýtalausri hönnun og háhraða vinnslugetu.

VERÐ 34.900

SAROTECH HÝSING



Sarotech AivX hýsing fyrir 2,5" harðdiska. Tengist beint við sjónvarp án tölvu. Spilar divx, xvid, mp3, avi, og fleiri gerðir myndbandskráa. Fjarstýring og taska fylgir

VERÐ 12.900

250GB HARDDISKUR



250GB Special Edition harðdiskur með Fluid Dynamic Bearing tækni skilar mun hljóðlátari og endingarbetri diskum, 7200RPM og 8MB buffer

VERÐ 11.900

17" ACER LCD SKJÁR



Glésgilegur 17" ACER TFT LCD skjár (AL1715S) 12ms Response skilar hröðustu leikjum óaðfínnlega 500:1 í skerpu • Silfurlitauður • Aðeins 4.2Kg. Hentar í alla almenna vinnslu, leiki og kvikmyndir

VERÐ 24.900

CANON iP4000



5 hylkja kerfi, mjög hagkvæmur í rekstri Einstök gæði á ljósmyndum • Full blæðing á A4 í 4800x1200 punkta upplausn • Prentar beint á geisladiska • Allt að 25 bls á mín

VERÐ 17.900

Traxdata útvær 11-in-1 kortalesari
VERÐ 2.990

Logitech MX518 Gaming Grade Optical Mús
VERÐ 5.990

Sennheiser HD 201, létt og þægileg heyrnatól
VERÐ 2.290

MSI PCI þráðlaust netkort 54Mbps 802.11g (PC54G2)
VERÐ 2.990

MSI GeForce 6 NX6200-TD öflugt 128MB skjákerfi
VERÐ 9.990

Hágæða minnis kort frá Sandisk fyrir allar Digital myndavélar á frábæru verði

256MB Cruzer Micro, USB2 minnislykill frá Sandisk
VERÐ 2.990

Hágæða 512MB 400MHz DDR Corsair vinnsluminni
VERÐ 4.990



Vaxtalaust tilboð er miðað við 18 mánaða jafnar greiðslur á Visa eða Mastercard skuldabréf. 3.5% stimpil og lántökugjald bætist við heildarupphæðina sem verður þá samtals kr. 186.223 og dreifist jafnt yfir samningstímann

TÖLVULISTINN
SÉRVERSLUN MEÐ TÖLVUBÚNAÐ Í 11 ÁR

REYKJAVÍK
Nóatúni 17
Sími 562 6730

AKUREYRI
Glerárgötu 36
Sími 464 7400

KEFLAVÍK
Hafnargötu 90
Sími 534 7400

ERROL FLYNN (1909-1959)
fæddist þennan dag.



„Aðalatriðið er ekki hvað fólk segir um þig, heldur hvað það hvíslar.“

Errol Flynn var leikari fæddur í Ástralíu. Hann varð vinsæll sem hasarhetja og er hvað þekktastur fyrir hlutverk sitt í *Hróa hetti*.

TÍMAMÓT

timamot@frettabladid.is

JARÐARFARIR

- 13.00 **Faney Gísladóttir** verður jarðsöngin frá Kópavogskirkju.
13.00 **Svava Eggertsdóttir**, frá Vestmannaeyjum, verður jarðsöngin frá Frikirkjunni í Reykjavík.
13.00 **Ragnhildur Þorgeirsdóttir**, Hrafnistu, Hafnarfirði, áður Álfaskeiði 49, Hafnarfirði, verður jarðsöngin frá Garðakirkju.
13.30 **Ólöf Pálsdóttir**, áður Norðurtúni 2, Keflavík, verður jarðsöngin frá Keflavíkarkirkju.
14.00 **Þorbjörg Einarsdóttir**, Hóli, Stöðvarfirði, verður jarðsöngin frá Stöðvarfjarðarkirkju.
16.00 **Ingvar Þorsteinn Þórðarson**, sem bjó lengst af á Faxabraut 33b í Keflavík, verður jarðsöngin frá Keflavíkarkirkju.

ANDLÁT

Sigrún Erla Guðmundsdóttir, lést laugardaginn 4. júní á gjörgæsludeild Landspítalans við Hringbraut. Jarðarforin hefur farið fram.
Óli Þór Ingvarsson, rafvirkjameistari, Álfamyri 40, lést á líknardeild Landspítalans í Kópavogi fimmtudaginn 16. júní.
Friðrik Fáfir Eiríksson, frá Hesti, Ársölum 5, Kópavogi, lést fimmtudaginn 16. júní.
Aldís G. Einarsdóttir, Dalalandi 11, Reykjavík, lést á Landspítalanum við Hringbraut, fimmtudaginn 16. júní.
Dóra F. Jónsdóttir, Bjarmalandi 13, Reykjavík, lést á Grensásdeild Landspítalans fimmtudaginn 16. júní.

AFMÆLI

Árný Erla Sveinbjörnsdóttir, jarðfræðingur, er 51 árs.



Orrí Vignir Hlökkversson, bæjarstjóri Hveragerði, er 41 árs.



Nanna Guðbergssdóttir, kaffihúsa eigandi og fyrrverandi fyrirsæta, er 30 ára.

FÆDDUST ÞENNAN DAG

1909 Errol Flynn leikari.



1928 Martin Landau leikari.



1931 Olympia Dukakis leikkona.
1933 Danny Aiello leikari.
1952 John Goodman leikari.
1953 Cyndi Lauper söngkona.

LEGSTEINAR
S. HELGASON
Skemmuvegi 48
S: 557 6677
www.steinsmidjan.is

birto
SJÓNVARPSDAGSKRÁ
VIKUNNAR »

Fróðleikur af gardur.is

Ljós móðir og kvenréttindafrömuður:
Þorbjörg Sveinsdóttir

Þorbjörg Sveinsdóttir var fædd að Sandfelli í Öræfum síðla árs 1827, dóttir Sveins Benediktssonar, prests þar og á Mýrum í Álfaveri, og k.h. Kristínar Jónsdóttur. Stóð fyrir bú 1849-53 með móður sinni á hluta af Mýrum á móti mági hennar, sr. Jóhanni, föður Ólafíu rithöfundar, hinnar miklu hugsjónakonu, sem ólst upp hjá móðursystur sinni Þorbjörgu. Nam ljósmæðrafræði í Khöfn 1855-56. Starfandi ljósmóðir í Rvík frá 1856; kenndi ljósmæðrafræði; embættisljósmóðir 1864-1902. Var rómað læknisvit hennar og snarræði. Elskaði bágstadda og var talsmaður þeirra. Barðist fyrir réttindum og þjóðmálaafskiptum kvenna. Eftir synjun konungs á lagafrumvarpi um háskóla á Íslandi kvaddi hún 26. jan. 1894 um 200 konur saman í Rvík og hélt ræðu á fundinum, sem varð upphaf Hins ísl. kvenfélags, er vann að kvenréttindum og eflingu menntunar þeirra. Voru Þorbjörg og Ólafía lífið og sálin í ársriti þess. Þorbjörg var gjaldkeri félagsins til 1897, síðan formaður til æviloka. Starfaði og að bindindismálum, málum KFUM og K og fyrir Hvítabandið. Andaðist 6. jan. 1903. Hún var "sá kvenskörungur að þjóðin öll minnst þess með hlýjum fögnuði að ættjörðin getur enn alið slíka dóttur," sagði Þórhallur biskup við útför hennar. Hið ísl. kvenfélag lét reisa henni og Ólafíu minnisvarða á legstað þeirra í kirkjugarðinum við Suðurgötu. Þorbjörg var ógift og barnlaus.

Meira um hana á gardur.is

Hægt er að setja inn ævidrög látinna Íslendinga með því að hringja í síma 585 2700 eða á gardur.is.

PETTA GERÐIST

Ævintýramaðurinn Joe Meek andast

Þennan dag árið 1875 lést fjallamaðurinn Joe Meek á búgarði sínum í Oregon. Margar sögur hafa verið sagðar af ævintýrlegu lífi hans og talið að margar þeirra séu nærri lagi. Hann fæddist í Virgíníu árið 1810 og var of líflægur til að sitja lengi á skólabekk. Hann fór því að heiman sextán ára og flutti í vestur til bræðra sinna í Missouri. Hann gekk til liðs við skinnakaupmenn í vestrinu og naut næsta áratuginn frjálsræðisins sem fjallamaður. Hann var stór maður með mikið skegg og skemmti fjallamönnum með ýktum sögum af ævintýrum sínum á ýmsum samkomum. Til að mynda átti hann að hafa barist berhentur við grábjörn. Meek átti góð samskipti við innfædda. Hann kvæntist þremur indjánastrúlkum, þar á meðal einni dóttur indjána höfðingja. Hann tók þó einnig þátt í bardögum við ættflokka sem sættu sig ekki við nærveru fjallamanna á umráðasvæði sínu.

Árið 1840 þótti Meek ljóst að líf fjallamanna væri að líða undir lok og leiddi því eina fyrstu vagnalestina yfir Klettafjöllin. Hann gerðist bóndi í Oregon og hvatti aðra til að fylgja í fótspor sín. Hann fór til Washington og sótti fast að fá hernaðarvernd gegn indjáním. Þrátt fyrir útganginn á honum, en hann var bæði skítugur og lúsugur, varð hann nokkurs konar stjarna í borginni vegna skemmtilegs persónuleika síns. Þingið brást við með því að gera Oregon að fylki í Bandaríkjunum og Meek varð alríkislögreglumaður.



20. JÚNÍ 1875 Joe Meek

MERKISATBURÐIR

- 1627 Tyrkjaránið hefst þegar ræningjar frá Alsír koma á skipi til Grindavíkur. Það stóð til 19. júlí.
1750 Gengið er á tind Heklu í fyrsta sinn svo vitað sé. Það gerðu Bjarni Pálsson, síðar landlæknir, og Eggert Ólafsson, vísindamaður og skáld.
1904 Fyrsta bífreiðin kemur til landsins með gufuskipinu Kong Tryggve.
1970 Listahátíð í Reykjavík er sett í fyrsta sinn. Meðal flytjenda á hátíðinni voru Daniel Barenboim pianóleikari og hljómsveitin Led Zeppelin.
1976 Vesturlandabúar eru fluttir frá Beirút.
1980 Luciano Pavarotti syngur í Laugardalshöllinni.

TÍMAMÓT: HÆSTA EINKUNN Í BS-NÁMI Í HAGFRÆÐI VIÐ HÁSKÓLA ÍSLANDS

Hagfræði er ekkert þurr

Þegar Jóhanna Bergsteinsdóttir tekur við útskriftarskrírteini sínu úr hendi rektors Háskóla Íslands næstkomandi laugardag hefur hún ástæðu til að gleðjast. Á skírteininu mun standa að hún hafi útskrifast með BS-gráðu úr hagfræði og þar að auki með einkunnina 9,18 sem er hæsta einkunn sem um getur í því skori.

Jóhönnu hefur alltaf gengið vel í skóla og útskrifaðist með ágætiseinkunn frá Verslunarskóla Íslands. Hún kynntist hagfræðinni þar og fannst hún strax áhugaverð sem grein, sérstaklega þjóðhagfræðin. Hún var því ekki í vafa um hvað hún ætlaði að læra í framtíðinni. „Ég var eiginlega alltaf ákveðin að fara í hagfræði,“ segir Jóhanna, sem finnst hagfræðin alls ekki þurr námsgrein.

Þar sem hún var á hagfræðibraut í Versló kom hún vel undirbúin í Háskólann. „Ef maður kann grunninn vel er auðvelt að bæta ofan á,“ segir Jóhanna, sem eyðir þó alls ekki öllum tíma sínum í lærdóm og segir nauðsynlegt að gera eitthvað annað með. Hún fer í ræktina nánast á hverjum degi, hittir vinkonur sínar og stundar vísindafærðir eins og margur annar stúdent.

Undanfarið tvö ár hefur Jóhanna unnið með skóla hjá greiningardeild KB banka. Hún mælir eindregið með því að fólk vinni við eitthvað sem tengist náminu. „Maður fær miklu meiri áhuga þegar maður talar við fólk sem þælir í sömu hlutum,“ segir Jóhanna sem hefur ekki ákveðið næsta skref í námi og ætlar því að næla sér í reynslu á meðan hún hugsar málið.

Á laugardaginn býður hún vinum og ættingjum að samgleðjast sér eftir útskriftina. Segja má að hún sé búin að halda upp á útskriftina að hluta þar sem hún skelli sér í útskriftarferð til Kúbu á dögum. Hún dvaldi hluta ferðarinnar í



DÚX Í HAGFRÆÐI Jóhanna Bergsteinsdóttir hlýtur hæstu einkunn sem gefin hefur verið í hagfræði frá Háskóla Íslands.

Havana og segir ljóst að kommúnisminn virki ekki. „Það þyrfti að kenna þeim hagfræði,“ segir

hún og hlær en bætir við að skipabannið hafi þó líklega eitthvað um ástandið að segja. ■

Bæjarfulltrúar fræðast um fordóma

Bæjarfulltrúar í Hafnarfirði ætla að mæta í Gamla bókasafnið í Mjósundi á morgun og þiggja fræðslu um fordóma hjá Competo, jafningafræðslu Hafnarfjarðar. „Competo er fengið úr latnesku og þýðir að vera jafn öðrum, hittast, vinna saman og vera hæfur. Hugmyndarfræðin „ungur fræðir ungan“ verður nýtt í sumari til að takast á við kynþáttarfordóma ungs fólks í Hafnarfirði,“ segir Margrét Gauja Magnúsdóttir annar tveggja verkefnisstjóra jafningafræðslunnar.

Margrét segir tilurð verkefnisins þá að fimm hafnfirsk ungmenni fóru í vinnubúðir á vegum Alþjóðahúss og Skátanna og unnu þar ýmis verkefni ásamt fimmtán ungmenni af ásíku bergi brotin. „Krakkarnir fundu mikla þörf fyrir að halda þessari vinnu áfram og vildu leggja sitt að



MARGRÉT GAUJA MAGNÚSDÓTTIR Er annar tveggja verkefnisstjóra Competo verkefnisins en að auki koma tíu ungmenni að verkefni.

mörkum til að koma í veg fyrir að kynþáttarfordómar þróist líkt og þeir gera í dag. Því munu tíu ungmenni á aldrinum sextán til sautján ára vinna við það í sumari að fræða sjálf sig og önnur ung-

menni á vegum Vinnuskóla Hafnarfjarðar og þátttakendur í leikjanámskeiðum ÍTH um kynþáttarfordóma á skemmtilegan og uppbyggilegan hátt.“ ■

Ljúffengir prótíndrykkir

mikilvægir í leik og starfi

NUTRAMINO er bragðgott hágæða auðmeltanlegt mysuprótín án ódýrra aukaefna og enginn viðbættur sykur eða aspartam. Í ráðlögðum skammti er innan við 1% af mjólkursykri og innan við 1 gr. af fitu.

Súkkulaði-, jarðaberja- og vanillubragð.

Til að halda kjörþyngd þurfum við að hreyfa okkur reglulega og borða 5-6 léttar og prótínríkar máltíðir á dag.

Kynningarverð

NUTRAMINO - létt máltíð

Einstaklega bragðgott prótín, blandast mjög vel, engin aukaefni og engin viðbættur sykur. Súkkulaði-, jarðaberja-, vanillubragð.

20 stk. af 40 gr. bréfum og NUTRAMINO shaker
kr. 3.995

3 kassar
20 stk. af 40 gr. bréfum og NUTRAMINO shaker
kr. 9.995

750 gr. poki
kr. 2.495

2,25 kg. poki
kr. 5.500



allt fyrir kroppinn

HREYSTI

Skeifunni 19 - S. 568 1717

Eitt mesta úrval landsins af fæðubótarefnum. Persónuleg ráðgjöf varðandi mataræði og hreyfingu. Áratuga reynsla.

Opið kl. 10-18 - Laugardaga 11-15



Ekkert málfrelsi hjá KR?

Stuðningsmenn KR eru ekki þar sátir eftir að stjórn KR-Sports lét loka spjallsíðu félagsins um helgina. Heitar umræður höfðu skapast um stjórnina og þjálfarann, Magnús Gylfason, og fannst mörgum stuðningsmönnum að sér vegið þegar réttur þeirra til að tjá sig um málefni félagsins var tekinn af þeim. Slik aðgerð er engin nýlunda hjá íslenskum liðum því Fram gerði slíkt hið sama síðasta sumar.

sport
sport@frettabladid.is

DAGUR SIGURÐSSON HANDBOLTAKAPPI: STENDUR Á TÍMAMÓTUM

Hættur að leika með landsliðinu

Landsliðsfyrirliðinn Dagur Sigurðsson tilkynnti félögum sínum í landsliðinu það í Hvíta-Rússlandi í gær að hann væri hættur að leika með landsliðinu. Óhætt er að segja að Dagur skilji við landsliðið á góðum stað en það tryggði sig í Minsk inn á sjöunda stórmótið í röð sem er stórkostlegur árangur hjá landsliðinu. Ákvörðun Dags kemur ekki ýkja mikið á óvart enda hefur hann gefið eftir á síðustu mótum og margir hafa leyft sér að efast um getu hans til að leika áfram með landsliðinu.



Fréttablaðið náði ekki tali af Degi í gær enda var hann á ferð og flugi að reyna að komast heim til Austurríki frá Hvíta-Rússlandi. Við náðum aftur á móti í manninn sem kemur til með að leysa Dag af landsliðinu, Snorri Stein Guðjónsson.

„Hann sagði bara við mig í rölegheitum eftir leikinn að hann væri hættur. Þetta spurðist síðan út en hann tilkynnti þetta ekkert formlega yfir hópinn,“ sagði Snorri

Steinn en þeir félagar göntuðust með að þetta væri ekki síðasti landsleikur Dags. „Hann sagði að þetta væri fyrsti síðasti leikurinn hans enda hafa margir hætt við að hætta.“

Dagur lék sinn fyrsta landsleik fyrir Ísland 17. október 1992 gegn Egyptum í Laugardalshöll. Leikurinn gegn Hvít-Rússum var landsleikur númer 213 hjá Degi en hann er tólfli leikjahæsti landsliðsmaður Íslands frá upphafi.


Á glæstum ferli með landsliðinu lék Dagur á níu stórmótum en hann var landsliðsfyrirliði frá árinu 2000. Snorri Steinn segir að Dags verði sárt saknað. „Hópurinn á eftir að sakna hans og Viggó eflaust líka. Það er ekki spurning. Dagur er frábær liðsfélagi og í miklum metum í landsliðshópnum.“

> Við óskum ...

... KR-ingnum Grétari Ólafi Hjartarsoni til hamingju með að hafa loksins skorað fyrir KR í sumar. Grétar hefur ekki tekist að skora fyrir KR í sex leikjum í Landsbanka-deildinni en stíflan brast í Breiðholti og gær þegar KR mætti 2. deildarliði Leiknis í VISA-bikarnum.

> Við þökkum ...

... keppnismanninum Degi Sigurðssyni fyrir árin með landsliðinu en landsliðið hefur farið hátt og fallið hátt þau ár sem hann hefur leikið með liðinu. Dagur er drengur góður og góð fyrirmynd sem smitar út frá sér til allra sem með honum leika. Félagar hans munu allir sakna hans sárt.



LEIKIR GÆRDAGSINS

VISA-bikar karla:

FIJARÐABYGGÐ-FRAM	0-2
0-1 Andri Steinn Birgisson (73.), 0-2 Heiðar Geir Júlíusson (81.).	
KS-FYLKIR	2-4 (2-2)
0-1 Andri Úlfarsson (21.), 0-2 Björgólfur Takefusa, víti (26.), 1-2 Þórður Birgisson (39.), 2-2 Þórður Birgisson (67.), 2-3 Helgi Valur Danielsson (100.), 2-4 Björgólfur Takefusa, víti (110.).	
NJARÐVÍK-VÖLSUNGUR	3-2 (1-1)
1-0 Rafn Vilbergsson (18.), 1-1 Jóhannes Gunnarsson (30.), 2-1 Michael Jónsson (97.), 3-1 Hafsteinn Ingvar Rúnarsson (109.), 3-2 Boban Jovic (113.).	
LEIFTUR/DALVÍK-ÍBV	1-2 (1-1)
0-1 Matthew Platt (17.), 1-1 Orri Rúnarsson (90.), 1-2 Bjarni Hólm Aðalsteinsson (113.).	
ÍR-PÖR	1-2
0-1 Jóhann Traustason (44.), 0-2 Hazar Can (57.), 1-2 Valur Úlfarsson (75.).	
HUGINN-KA	1-4
0-1 Jóhann Helgason (32.), 1-1 Tómas Emilsson (34.), 1-2 Bjarni Pálmason (55.), 1-3 Hreinn Hringsson (80.), 1-4 Jóhann Helgason (85.).	
LEIKNIR R.-KR	0-6
0-1 Grétar Ólafur Hjartarson (17.), 0-2 Sigurvin Ólafsson (28.), 0-3 Bjarki Gunnlaugsson (42.), 0-4 Rögví Jacobsen (46.), 0-5 Bjarki Gunnlaugsson (53.), 0-6 Bjarki Gunnlaugsson (88.).	
HVÍTI RIDDARINN-HK	1-5 (1-1)
1-0 Baldur Andrésen (10.), 1-1 Þorsteinn Sveinsson (16.), 1-2 Finnur Ólafsson (99.), 1-3 Þorsteinn Sveinsson (100.), 1-4 Jóhann Björnsson (115.), 1-5 Ómar Ingi Guðmundsson (116.).	
VÍKINGUR Ó.-BREIÐABLIK	1-2
0-1 Slavisa Mitic, sjm (3.), 1-1 Hermann Þórsson (33.), 1-2 Ellert Hreinsson (79.).	

Intertoto-keppnin:

INTER TURKU-ÍA	0-0
Þetta var fyrri leikur liðanna en seinni leikurinn fer fram um næstu helgi.	

EM-kvenna, úrslit

ÞÝSKALAND-NÖREGUR	3-1
1-0 A. Mittag (21.), 2-0 R. Lingor (24.), 2-1 D. Mellgren (41.), 3-1 B. Prinz (63.).	

Norski boltinn:

AALESUND-START	1-2
Haraldur Guðmundsson lék allan leikinn fyrir Aalesund. Jóhannes Harðarson var í byrjunarliði Start en skipt út á 82. mín.	
BRANN-ROSENBORG	4-1
Kristján Örn Sigurðsson og Ólafur Örn Bjarnason voru báðir í byrjunarliði Brann og léku báðir allan leikinn.	



www.hlutverk.is

TRYGGJUM ÖLLUM HLUTVERK!

Samtök um vinnu- og verkþjálfun

Markastíflan brast hjá KR

Leikmenn KR reimuðu loksins á sig markaskóna fyrir leikinn gegn Leikni í VISA-bikarnum. Landsbankadeildarliðin Fylkir og ÍBV komust í hann krappann gegn neðrideildarliðum norður í landi.

FÓTBOLTI Það gekk ýmislegt á þegar leikir í 32-liða úrslitum VISA-bikarsins fóru fram í gær. KR tókst loksins að skora eitthvað af mörkum þegar það heimsótti Leikni í Breiðholti. Það sem kom hvað mest á óvart var óvænt mótstaða KS og Leifturs/Dalvíkur gegn ÍBV og Fylki en þau lutu í gras eftir hetjulega baráttu.

KR-ingar voru í ham í efra Breiðholti í gærkvöldi og rúlluðu yfir heimamenn í Leikni sem sitja í efsta sæti 2.deildar. Sigur KR var síst of stór og varnarmenn Leiknis máttu sín lítils gegn sóknarmönnum þeirra.

Gestirnir áttu ekki í vandræðum með að skapa sér færi, voru 3-0 yfir í hálfleik og bættu við öðrum þremur mörkum í seinni hálfleik og unnu 6-0 sigur í grenjandi rigningu.

Léttum pressunni

„Það gekk vel núna, við spiluðum af sama krafti og í Grindavík en nú náðum við að koma boltanum í netið. Við náðum að skora snemma og við það losnaði ákveðin pressa af okkur sem fjölmiðlar hafa skapað um að framherjarnir okkar geti ekki skorað.“

Við nýttum færin loksins. Leiknir hefur hörkulið en leikur þeirra fjaraði út eftir því sem okkur gekk betur.“ sagði Magnús Gylfason, þjálfari KR eftir leikinn.

Garðar Ásgeirsson þjálfari Leiknis sagði eftir leik að þetta væri einfaldlega munurinn á liðum í úrvals- og 2. deild. „Við gáf-



HELDUR STARFINU Það var mikil pressa á Magnúsi Gylfasyni, þjálfara KR, fyrir leikinn gegn Leikni í gær en talið var að honum yrði sparkað færi svo að KR tapaði. Blessunarlega fyrir Magnús mættu strákarnir hans vel stemmdir og þeir rúlluðu 2. deildarliðinu upp, 6-0.

FRÉTTABLAÐIÐ/LÁRUS

um þeim óþarflega mörg mörk í þessum leik. Ef við ætlum okkur að eiga möguleika í svona leikjum þá megum við ekki gera mistök því þá er okkur refsað um leið.

Við vorum að spila gegn hörkuliði og þetta var bara einfaldlega of erfitt fyrir okkur.“ sagði Garðar Ásgeirsson.

elvar@frettabladid.is

Óvænt úrslit þegar seinni leikirnir í undankeppni EM voru leiknir um helgina: Pólverjar gerðu sér lítið fyrir og lögðu Svía

HANDBOLTI Svænska landsliðið í handknattleik er ekki eins sterkt og það var. Það fékkst staðfest í gær þegar Pólverjar slógu Svía út í umspili um laust sæti á EM sem fram fer í Sviss á næsta ári. Svíar unnu fyrri leikinn 33-28 en töpuðu seinni leiknum í gær 26-32. Pólverjar komust því áfram 60-59 samanlagt.

Þetta er í fyrsta skipti sem Svíum mistekst að komast á EM og í raun aðeins þriðja stórmótið sem þeir missa af frá upphafi. Svíar komust ekki á Ólympíuleikana 1976 og 2004 og svo núna á EM 2006. Svænska pressan talaði um svartan dag í handboltasögu Svía í gær.

Önnur úrslit voru flest eftir

bókinni en athygli vekur að Portúgal sló út Tékkland og að Slóvakar skyldu hafa betur gegn Austurríki.

Önnur lönd sem tryggðu sig inn á EM um helgina voru Serbía, Noregur, Frakkland, Úkraína, Spánn, Ungverjaland og að sjálf-sögðu Ísland. Dreigið verður í riðla um næstu helgi.

- hbg

Birgir Leifur Hafþórsson keppti á móti í Frakklandi:

Lék illa síðasta daginn

GOLF Íslandsmeistarinn Birgir Leifur Hafþórsson hafnaði í 49.-53. sæti á Aa Saint-Omer golfmótiinu í Frakklandi um helgina en mótið er hluti af evrópsku mótariðinni.

Birgir var á 2 höggum undir pari fyrir síðasta daginn en lék hann á 77 höggum og endaði því á 4 höggum yfir pari vallarins.

Joakim Backström frá Svíþjóð sigraði mótið á 4 höggum undir pari en hann tryggði sér sigurinn á fyrstu holi í braðabana um efsta sætið.

„Ég var mjög sáttur við spilamennsku mína fyrir utan þennan lokadag. Það var sjöunda holan sem gerði útslagið þar. Ég hefði getað farið þá holi á pari en fór á þremur yfir eftir að hafa skotið útaf braut. Það var eiginlega það sem gerði alveg útslagið, ég spilaði mig út úr leiknum þar,“ sagði Birgir Leifur.

Hann kom heim í gærkvöldi en heldur aftur út strax á morgun en þá liggur leiðin til Þýskalands þar sem hann tekur þátt í móti í Dusseldorf.

- egm



BIRGIR LEIFUR Klikkaði illilega á sjöundu holi í Frakklandi.

ÚR SPORTINU

Grötta hefur fengið liðsstyrk fyrir næsta tímabil í kvennahandboltanum því 26 ára danskur línumaður, **Karen Smidt**, hefur skrifað undir samning við félagið. Karen hefur undanfarin ár leikið í Danmörku með Viborg og eru miklar vonir bundnar við komu hennar á Seltjarnarnesið. Grötta sendi á síðasta tímabili sameiginlegt lið með KR líkt og undanfarin ár en liðið hafnaði í sjötta sæti af átta liðum í deildinni.



Ákveðið hefur verið að handknattleiksliðið KA í karlaflokki mun taka þátt í Áskorendakeppni Evrópu næsta keppnistímabil en leikmenn meistaraflokks munu sjálfir standa straum af kostnaði við þátttöku í þessari keppni. Akureyringar sjá fram á að öðlast dýrmæta reynslu með því að taka þátt í Evrópukeppninni og ákveðið því að senda sitt lið til keppni.

Sóknarmaðurinn **Andrew Johnson** hefur staðfest að hann vilji komast burt frá Crystal Palace en stjórnarformaðurinn Simon Jordan segir að hann verði ekki seldur. Draumur Johnson er að verða í landsliðshópi Engendinga á Heimsmeistaramótiinu í Þýskalandi á næsta ári en ljóst er að lítlar líkur eru á að hann komist þangað ef hann verður áfram hjá Crystal Palace sem féll úr ensku úrvalsdeildinni.

Michael Schumacher vann bandaríska kappaksturinn í Indianapolis í gær. Kappaksturinn var sögulegur í meira lagi enda neituðu flest liðin að taka þátt þar sem þau óttuðust að öryggiskröfur væru ekki fullnægjandi. Aðeins sex bílar hófu keppni og líkaði áhorfendum það illa enda grýttu þeir bjórflöskum og öðru lauslegu inn á brautina. Keppnin var eitt allsherjar hneyksli fyrir íþróttina sem má muna sinn fífil gegri.

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

JÚNÍ

17 18 19 20 21 22 23

Mánudagur

- **LEIKIR**
- 18.15 **Reynir Á.** og **Valur** mætast á Árskógsvelli í VISA-bikar karla.
- 19.15 **Afurelding** og **Víkingur R.** mætast á Varmá í VISA-bikar karla.
- 19.15 **Stjarnan** og **Grindavík** mætast í Garðabæ í VISA-bikar karla.
- 19.15 **Fjölnir** og **Keflavík** mætast á Fjölnisvelli í VISA-bikar karla.
- 19.15 **Víðir** og **FH** mætast á Garðsvelli í VISA-bikar karla.
- 19.15 **Haukar** og **Þróttur** mætast á Ásvöllum í VISA-bikar karla.
- **SJÓNVARP**
- 20.30 **Landsbankadeildin** á Sýn. Farið yfir umferðir 1-6.
- 21.30 **Stjörnuþing 2005** á Sýn.
- 22.00 **Olissport** á Sýn.
- 23.15 **Landsbankadeildin** á Sýn. Farið yfir umferðir 1-6. (e)

SUN

MÁN

ÞRI

MIÐ

FIM

FÖS

LAU

Á KAFI Í HEILBRIGÐUM LÍFSSTÍL

ÁRBÆJARLAUG BREIÐHOLTSLAUG GRAFARVOGSLAUG KLÉBERGSLAUG LAUGARDALSLAUG SUNDHÖLLIN

VESTURBÆJARLAUG



LAUGARNAR Í REYKJAVÍK



itr.is

ISLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN ÍSIA IS TR28784706_05



NÝTT TÍMARIT 24. JÚNÍ

Engin skilnaðaruppgjör í þessu tölublaði.

kemur út alla föstudaga
verð kr. 300

SIRKUS RVK

-fylgstu með!

STUÐ MILLI STRÍÐA : Sjálfstæðisbaráttan endalaus

PÓRARINN PÓRARINSSON VAR Á ÞINGVÖLLUM Í GÆR OG GETUR EKKI Á HEILUM SÉR TEKID

MYND: HELGI SIGURSSON



